

SIGRÚN ALBA SIGURÐARDÓTTIR

Anna Schiöth og Engel Jensen

Framsæknar konur og
frumkvöðlar í ljósmyndun á Íslandi¹

Þann 20. apríl árið 1868 kom Anna Cathrine Schiöth (1846–1921) til Íslands í fyrsta skipti. Hún sigldi frá Kaupmannahöfn með seglskipi í eigu Höeþhners stórkaupmanns og tók ferðin tólf daga. Ég sé hana fyrir mér standandi úti á dekki í fallegum en örlítið þvældum kjól. Henrik Schiöth, eiginmaður hennar, tekur varlega um mitti hennar og þrýstir henni að sér. Anna er tuttugu og tveggja ára, Henrik fimm árum eldri. Þau hafa verið gift í tvö ár og eiga tæplega árs-gamla stúlku, Ölmú. Þau horfa á fjöllin birtast í fjarska. Hjörtun slá örur. Þarna ætla þau að vera í að minnsta kosti tvö ár. Henrik hefur ráðið sig sem bakara-meistara eða forstöðumann í nýstofnuðu Brauðgerðarhúsi Höeþhnersverslunarinnar á Akureyri.² Ævintýrin bíða þeirra.

Tíu árum síðar standa þau aftur í stafni og horfa á Ísland í fjarska. Nú er landið ekki lengur framandi. Börnin eru orðin fjögur og það fimmta er á leiðinni. Ég sé þau fyrir mér standa út við borðstokkinn og horfa á landið sitt birtast. Þau eru á leiðinni heim til Íslands, heim til Akureyrar. Þau heita ekki lengur Schiöth heldur Schiöth upp á íslensku. Ég ímynda mér hvernig Henrik tekur utan um Önnu, líkt og tíu árum fyrr. Alma og Olga standa þrúðbúnar við hlið þeirra en drengirnir tveir hlaupa um dekkið. Carl, sá yngsti, er orðinn fimm ára og Axel er átta ára. Lífið brosir við þeim. Eftir góðan vetur í Kaupmannahöfn ætla þau að láta drauminn rætast og setja á fót „myndahús“ í bakhúsi við

¹ Höfundur vill þakka Hagþenki – Félagi höfunda fræðirita og kennslugagna fyrir starfsstyrk sem hún hlaut á árinu 2022 fyrir rannsókn á ljósmyndunum Önnu Schiöth og Engel Jensen og liggur grein þessari til grundvallar. Þá viljum við færa Þjóðminjasafni Íslands og Minjasafninu á Akureyri bestu þakkir fyrir aðstoð og leyfi fyrir myndbirtingum.

² „H. Schiöth“, *Óðinn*, 1. mars 1911, bls. 92–93 og Halldór Friðjónsson, „Anna Ch. Schiöth“, *Verkamaðurinn*, 30. apríl 1921, bls. 1.



bakarið í Aðalstræti. Þau hafa bæði lært ljósmyndun í Kaupmannahöfn þennan vetur, og útvegað sér allan nauðsynlegan búnað. Anna er sýnu spenntari fyrir verkefninu framundan. Hún hlakkar eflaust til að taka á móti fólki í myndastofunni og færa því töfrandi myndir, sem ekki aðeins staðfesta tilvist þeirra hér og nú, heldur munu fylgja þeim áfram allt lífið og seinna breytast í dýrmætar minningar fyrir afkomendur og eftirlifendur. Anna á eftir að taka fjölda ljósmynda af bæði körlum, konum og börnum. Hún á eftir að verða einn virtasti og vinsælasti ljósmyndari á Akureyri sem er næststærsti bærinn á Íslandi og telur árið 1878 um 850 manns.³

Árið 1880 bjuggu 74.932 einstaklingar á Íslandi.⁴ Á seinni hluta 19. aldar höfðu 45 einstaklingar atvinnu af því að taka ljósmyndir, þar af voru 38 karlmenn og sjö konur.⁵ Myndastofa Schiöth-hjónanna á Akureyri var ein sú vinsælasta á Norðurlandi á þessum tíma en hjónin ráku myndastofuna í 21 ár, frá árinu 1878 til ársins 1899, og gott orðspor fór af Önnu sem ljósmyndara. Hluti af myndasafni Önnu hefur glatast, eins og algengt er með ljósmyndasöfn frá þessum tíma, en töluvert af framkölluðum myndum á pappír og visit-kortum, og eitthvað af glerplötum frá henni hefur varðveist. Ljósmyndir Önnu eru bæði til á Minjasafninu á Akureyri og í Ljósmyndasafni Íslands á Þjóðminjasafni Íslands.⁶ Þær ljósmyndir sem varðveist hafa frá Önnu eru fyrst og fremst ljósmyndir sem teknar eru á ljósmyndastofu þeirra hjóna af fólki á öllum aldri, hópmyndir sem teknar voru utandyra og ljósmyndir af Akureyrarbæ og nágrenni.

Mikilvægur þáttur í ljósmyndasafni Önnu Schiöth eru ljósmyndir af henni sjálfri og hennar eigin fjölskyldu, flestar eflaust teknar af henni sjálfri en sumar líklega teknar af öðrum fjölskyldumeðlimum, vinum eða aðstoðarfólki sem mögulega starfaði á myndastofu hennar.⁷ Nokkrar myndir sem fanga athygli

³ Miðað við manntal árið 1880 bjuggu 859 einstaklingar í Akureyrarsókn árið 1880, sótt 7. júní 2023 á <http://www.manntal.is/leit/Akureyrars%C3%B3kn/1880/1/1880>. Dönsk áhrif voru mikil á Akureyri á þessum tíma og margir Danir áberandi í bæjarlífinu, sjá til dæmis Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar. Í landi Eyjarlands og Nausta 890-1862*, Akureyri: Akureyrarbær, 1990, Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar. Kaupstaðurinn við Pollinn 1863-1905*, Akureyri: Akureyrarbær, 1994 og *Vísir* (aukablað), 29. ágúst 1962, bls. 6–7.

⁴ Sjá manntal á Íslandi 1880, sótt 1. júní 2023 á http://manntal.is/leit/_/1880/1/1880.

⁵ Þessar upplýsingar eru fengnar úr bók Ingu Láru Baldvinsdóttur, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, Reykjavík: JPV útgáfa og Þjóðminjasafn Íslands, 2001.

⁶ Þrátt fyrir að töluvert hafi varðveist af myndum frá ljósmyndastofu Schiöth-hjónanna hefur megnið af glerplötusafni hennar glatast. Hallgrímur Einarsson, ljósmyndari á Akureyri, varðveitti þó hluta safnsins og afhenti það síðar Minjasafni Akureyrar, sótt 3. júní 2023 á <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1585929>.

⁷ Rétt er þó að taka fram að ekki hafa fundist neinar heimildir um að Schiöth-hjónin hafi verið með aðstoðarfólk í vinnu hjá sér.



Mynd 1: Ljósmynd af Önnu Schiöth sem væntanlega hefur verið tekin af Henrik, stuttu eftir að þau hjónin opnuðu ljósmyndastofu á Akureyri árið 1879. Anna var þá 32 ára gömul. Minjasafnið á Akureyri.

mína strax eru af dætrum Schiöth-hjónanna, þeim Ölm, Olgu og Önnu Maríu, stundum í félagsskap annarra ungra stúlkna eða kvenna. Ein af þeim sem þekkjá má á myndunum er Engel Jensen sem síðar átti eftir að verða áhugaverður ljósmyndari og reka ljósmyndastofu á Akureyri.

Engel Jensen (1877–1963) lærði ljósmyndun hjá Peter Elfelt í Kaupmannahöfn árið 1895 og rak eigin ljósmyndastofu á Akureyri á árunum 1897–1905.⁸ Því miður hefur ekki varðveist mikið af myndum eða plötusafni Engel en þó má finna eitthvað af myndum frá ljósmyndastofu hennar bæði á Minjasafni Akureyrar og Ljósmyndasafni Íslands á Þjóðminjasafninu. Þær sýna okkur svart á hvítu að Engel var mjög fær ljósmyndari og hafði sérstakt lag á að taka lifandi og góðar myndir af börnum. Í safni hennar eru einnig ljósmyndir af henni sjálfri sem líklega hafa verið teknar af aðstoðarfólki hennar á stofunni eða vinum, mögulega Önnu Maríu Schiöth, eða einhverju systkina hennar, sem að öllum líkindum höfðu öðlast grunnþekkingu í ljósmyndum á myndastofunni hjá móður sinni.

Engel var náin vinkona Önnu Maríu og því eflaust heimagangur á heimili Schiöth-hjónanna og á myndastofunni. Líf Önnu Schiöth og Engel Jensen fléttast saman á ýmsan hátt og í þessari grein ætla ég að beina sjónum að þessum tveimur ljósmyndurum. Þannig vonast ég til að varpa ljósi á tvær kynslóðir kvenna sem störfuðu sem ljósmyndarar á Íslandi á seinni hluta 19. aldar, og ekki síst hvernig þekking, starfskunnátta og metnaður fluttist frá einni kynslóð til annarrar í litlu samfélagi á Norðurlandi sem var á hraðri ferð inn í nútímann.

Þá er einnig mikilvægt að skoða starf þeirra Önnu og Engel í ljósi þeirra takmörkuðu möguleika sem konur af borgarastétt höfðu til að afla sér starfsframa og vinna utan heimilis á seinni hluta 19. aldar. Þrátt fyrir að Anna Schiöth væri frekar hefðbundin í stúdíóljósmyndun síns tíma var hún vinsæll ljósmyndari og naut virðingar og viðurkenningar fyrir starf sitt. Hópmyndir sem hún tók utanhúss og ljósmyndir hennar af Akureyrabæ hafa vakið mikla athygli og verið birtar í fjölmörgum ritum er varða sögu bæjarins og mannlíf á 19. öld. Sagnfræðingurinn og sýningarstjórinn Hanne Schaumburg Sørensen, sem rannsakað hefur ljósmyndasögu tímabilsins, segir útimyndir Önnu vera af miklum gæðum, hvort sem litið er til listrænna eða tæknilegra þátta.⁹

Aðeins átta konur störfuðu sem ljósmyndarar á Íslandi á 19. öld en til samanburðar má geta þess að 38 karlar störfuðu sem ljósmyndarar á landinu um lengri

⁸ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, bls. 100, 102 og 160.

⁹ Hanne Schaumburg Sørensen, *I skyggen. De første kvindelige fotografer*, Randers: Museum Østjylland, 2021, bls. 105.

eða skemmri tíma á seinni hluta 19. aldar.¹⁰ Af þessum átta konum er Noline Weywadt án efa þekktust en hún var ljósmyndari á Djúpvaggi og á Teigarhorni við Berufjörð á árunum 1872–1900. Hún starfaði lengst allra kvenna í faginu á 19. öld, eða í 28 ár, og naut án efa mestrar viðurkenningar kvenljósmyndara hér á landi.¹¹

Fram til ársins 1893 voru þær Noline Weywadt og Anna Schiöth einu konurnar sem störfuðu sem ljósmyndarar á Íslandi. Sú þriðja sem bættist í hópinn var Anna Ólafsdóttir en hún starfaði sem ljósmyndari á Akureyri 1893–1899 eftir að hafa lært ljósmyndun í Kaupmannahöfn.¹² Lára Ólafsdóttir og Margrét Möller Árnadóttur voru þær næstu í röðinni. Margrét lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn árið 1894 og rak ljósmyndastofu í viðbyggingu við verslun föður síns á Eskifirði fyrst eftir heimkonuna en flutti sig til Stokkseyrar árið 1895 og rak ljósmyndastofu þar um tíma.¹³ Lára, frænka Margrétar, var sex árum eldri en hún, fædd árið 1867. Hún var við nám í Kaupmannahöfn á sama tíma og Margrét, árið 1894, og hafa þær frænkur eflaust siglt saman út. Lára lærði ljósmyndun hjá Christian Christiansen í Kaupmannahöfn á árunum 1894–1897. Eftir heimkomuna tók hún við stofu Margrétar á Stokkseyri en rak hana aðeins í eitt ár. Þá flutti hún til Reyðarfjarðar þar sem hún rak ljósmyndastofu í fimm ár. Hún giftist aldrei en sá fyrir sér og var fjárhagslega sjálfstæð. Til viðbótar við ljósmyndastofuna rak hún meðal annars vefnaðarvöruverslun og hafði síðan umsjón með verslun Sápuhússins á Akureyri. Lára var virk í Guðspekifélaginu og er meðal annars þekkt fyrir að Þórbergur Þórðarson rithöfundur vísar til hennar í titli bókar sinnar *Bréf til Láru*.¹⁴

Þrjár konur til viðbótar lærðu ljósmyndun og störfuðu sem ljósmyndarar á Íslandi undir lok 19. aldar. Þetta voru þær Anna Klausen sem rak eigin ljósmyndastofu á Eskifirði árin 1897–1901, og lærði að öllum líkindum hjá Margréti Möller, Anna Margrét Magnúsdóttir sem rak stofu á Akureyri 1898–1901 og áður nefnd Engel Jensen.¹⁵ Engel Jensen starfaði sem ljósmyndari á Akureyri í átta ár og því

¹⁰ Þessar tölur miðast við þá ljósmyndara sem eru með í ljósmyndatali Ingu Láru Baldvinsdóttur í bókinni *Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945*.

¹¹ Sama heimild, bls. 31–32 og 296. Sjá enn fremur, Inga Lára Baldvinsdóttir, *Noline Weywadt 1848–1921, Hansína Björnsdóttir 1884–1973. Ljósmyndasýning í Bogasal, 13. mars–31. maí 1982*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 1982.

¹² Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945*, bls. 104.

¹³ Sama heimild, bls. 290.

¹⁴ Sama heimild, bls. 274. Sjá einnig, Linda Ásdísardóttir, „Konur ljósmynda“, *Betur sjá augu. Ljósmyndun íslenskra kvenna 1872–2013*, Rit Þjóðminjasafns Íslands 33, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2014, bls. 7–33, hér bls. 9.

¹⁵ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945*, bls. 100, 102 og 160, og Linda Ásdísardóttir, „Konur ljósmynda“, bls. 9.

sú sem starfaði lengst í faginu að þeim Nicoline og Önnu undanskildum. Ljósmyndir hennar bera þess merki að hún hafi verið framsækin í hugsun og óhrædd við að fara óhefðbundnar leiðir, ekki síst hvað varðar barnamyndatökur.

Af þeim átta konum sem störfuðu sem ljósmyndarar á Íslandi á 19. öld lærðu sjö í Kaupmannahöfn og því fléttast ljósmyndasaga kvenna á Íslandi og í Danmörku náið saman. Því miður hefur staða og verk kvenna sem störfuðu sem ljósmyndarar á Íslandi og í Danmörku lítið verið rannsökuð. Þó má benda á bók Hanne Schaumburg Sørensen, *I Skyggen. De første kvindelige fotografer* sem fjallar um valdar konur í ljósmyndun í danska konungsríkinu og gefin var út í tilefni af samnefndri sýningu á Museum Østjylland árið 2021, en sú sýning ferðaðist til Íslands og mátti sjá í Þjóðminjasafninu sumarið 2022.¹⁶ Í bókinni er fjallað stuttlega um tíu danskar, færeyskar og íslenskar konur sem störfuðu sem ljósmyndarar á 19. öld og er þar að finna yfirlit yfir helstu æviatriði þeirra og ljósmyndastörf. Meðal þeirra sem fjallað er um í bókinni eru þær Nicoline Weywadt og Anna Schiöth.

Þá má einnig nefna vefinn *History of Photography*, en hann byggir á rannsóknum þeirra Bjørn Ochsner og Ann-Vibeke Knudsen og hefur að geyma upplýsingar um helstu æviatriði danskra ljósmyndara og ljósmyndara sem störfuðu í danska konungsríkinu á árunum 1839–1939.¹⁷ Meðal þeirra sem fjallað er um á síðunni eru þær Nicoline Weywadt og Anna Schiöth.¹⁸ Lítið hefur verið gefið út um þær íslensku konur sem lögðu fyrir sig ljósmyndun á 19. öld. Þó má nefna sýningar-skrá með sýningu á ljósmyndum þeirra Nicoline Weywadt og Hansínu Björnsdóttur sem gefin var út í tengslum við sýningu á verkum þeirra á Þjóðminjasafni Íslands árið 1982.¹⁹ Þá er að finna yfirlit yfir ævi þeirra átta kvenna sem störfuðu

¹⁶ Hanne Schaumburg Sørensen, *I skyggen*. Sjá einnig umfjöllun um sýninguna á heimasíðu Museum Østjylland, sótt 31. júlí 2023 á <https://museumoj.randers.dk/udstillinger/udstillinger-i-randers/vandreudstillingen-i-skyggen-de-foerste-kvindelige-fotografer/>. Sjá einnig umfjöllun um sýninguna á heimasíðu Þjóðminjasafnsins, „Sýningaropnun. Í skugganum og Nicoline Weywadt“, sótt 31. júlí 2023 á <https://www.thjodminjasafn.is/syningar-vidburdir/vidburdir/vidburdir-framundan/syningaropnun-i-skugganum-og-nicoline-weywadt>. Í þessu samhengi má einnig nefna rannsókn Tove Hansen, sjá Tove Hansen, „Kvinders fotografi. Kvindelige fotografier i Danmark før 1900“, *Sølv og salte*, Kaupmannahöfn: Det kongelige bibliotek og Rhodos, 1990.

¹⁷ *History of Photography*, sótt 1. ágúst 2023 á <https://www.fotohistorie.com/schioumlth-anna-catrine.html>.

¹⁸ „Nicoline Weywadt, Islands første kvindelige fotograf, 1848-1921“, *History of Photography*, sótt 1. ágúst 2023 á <https://www.fotohistorie.com/foto-island.html> og „En af de første kvindelige fotografer i Island. Anna Catrine Schiöth“, *History of Photography*, sótt 1. ágúst 2023 á <https://www.fotohistorie.com/schioumlth-anna-catrine.html>. Aðrir íslenskir ljósmyndarar sem fjallað er um á síðunni eru þeir Sigfús Eymundsson, Eyjólfur Jónsson og Magnús Ólafsson.

¹⁹ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Nicoline Weywadt 1848-1921, Hansína Björnsdóttir 1884-1973*.

í ljósmyndun á Íslandi á 19. öld í bók Ingu Láru Baldvinsdóttur, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945* sem kom út árið 2001. Auk þess fjallar ljósmyndafræðingurinn Linda Ásdísardóttir stuttlega um konur í ljósmyndun á Íslandi á 19. öld í grein sem birtist í bókinni *Betur sjá augu. Ljósmyndir íslenskra kvenna* og gefin var út í tilefni af samnefndri sýningu í Þjóðminjasafni Íslands og Ljósmyndasafni Reykjavíkur árið 2014.²⁰

Á hinum Norðurlöndunum skortir einnig rannsóknir og birt efni um konur sem störfuðu sem ljósmyndarar á 19. öld.²¹ Þessi eyða í norrænni ljósmyndasögu hefur vakið nokkra athygli og er hvatinn að rannsóknarverkefni sem listfræðingarnir Mette Sandbye, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, og Sigried Lien, prófessor við Háskólann í Bergen, fara nú fyrir. Verkefnið fjallar um konur í ljósmyndun í Danmörku, Íslandi, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi á tímabilinu 1880–1930 og er eitt helsta markmið þess að draga þær konur fram á sjónarsviðið sem voru mest afgerandi í ljósmyndun í sínu heimalandi á tímabilinu og vekja athygli á því hvernig atvinnuþátttaka þeirra fléttaðist oft og tíðum saman við baráttu fyrir auknum réttindum kvenna og sjálfstæði. Gert er ráð fyrir að niðurstöður verkefnisins liggi fyrir árið 2025.²² Æsa Sigurjónsdóttir hefur farið fyrir verkefninu fyrir hönd Íslands en auk hennar taka bæði ég og Inga Lára Baldvinsdóttir þátt í því. Rannsókn mín í þessu verkefni snýr einmitt að þeim tveimur ljósmyndurum sem hér eru til umfjöllunar, þeim Önnu Schiöth og Engel Jensen.

Með frumkvöðlastarfi sínu ruddu Anna Schiöth og Engel Jensen, sem og aðr-

Auk þess má nefna að Inga Lára fjallar stuttlega um þær Noline Weywadt og Önnu Schiöth í yfirlitgreininni „Icelandic Photography 1846-1946“, *History of Photography*, 27: 1/1999, bls. 1–9, hér bls. 3.

²⁰ Linda Ásdísardóttir, „Konur ljósmynda“, bls. 8–9.

²¹ Í þessu sambandi má þó nefna yfirlitrit um norska ljósmyndara, bæði konur og karla; Peter Larsen og Sigrid Lien, *Norsk fotohistorie. Frå daguerrotypii til digitalisering*, Oslo: Det Norske Samlaget, 2007 og Susanne Bonge, *Eldre norske fotografer. Fotografer og amatørfotografer i Norge frem til 1920*, Bergen: Universitetsbiblioteket, 1980. Í bókinni *Aftryck från dette förfutna* fjallar Catherine af Hällström um konur sem störfuðu sem ljósmyndarar í Finnlandi á 19. öld, sjá Catherine af Hällström, *Aftryck från det förfutna: historiska fotografier som källor*, Åbo: Åbo Akademis förlag, 2011. Lítið hefur verið fjallað um konur í sænskri ljósmyndun á 19. öld fram til þessa. Til að mynda er aðeins fjallað um fjórar konur en rúmlega 80 karla sem lögðu ljósmyndun fyrir sig í bók Rolf Söderberg og Pär Rittsel, *Den svenska fotografins historia 1840-1040*, Gautaborg: Bonnier Fakta, 1983. Umfjöllun um konur í sænskri ljósmyndun er hins vegar að finna í bókinni *Women Photographers – European Experience*, Lena Johannesson og Gunilla Knapé ritstjórar, Gautaborg: Gothenborg Studies in Art and Architecture, 2003.

²² Áætlað er að birta niðurstöðurnar í greinasafninu *Striving for Independence. Women Pioneers in Early Nordic Photography, 1860-1920* í ritstjórn þeirra Sigrid Lien og Mette Sandbye. Áætlað er að bókinni komi út hjá De Gruyter forlaginu 2025.

ar konur sem störfuðu sem ljósmyndarar á þessum tíma, brautina fyrir þær sem á eftir komu og sýndu í verki hvernig konur af borgarastétt gátu átt starfsframa utan heimilsins.²³ Ekki hefur mikið verið skrifað um atvinnuþátttöku kvenna af borgarastétt eða millistétt á Íslandi á seinni hluta 19. aldar og lítið verið fjallað um þátt kvenna í ljósmyndun á Íslandi fyrir aldamótin 1900.²⁴ Það er því von mín að þessi grein megi verða til þess að bæta við þá sögu og opna augu fleiri rannsakenda fyrir þeim konum sem hösluðu sér völl og nutu viðurkenningar á þessu starfsviði þar sem reyndi jafnt á tæknikunnáttu, listræna sýn, kunnáttu í viðskiptum og félagsleg samskipti.


Að verða „íslenskur“ ljósmyndari

Eins og kemur fram hér að ofan dvöldu þau Anna og Henrik Schiöth í Kaupmannahöfn veturinn 1877–1878. Í bók Ingu Láru Baldvinsdóttur, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945*, segir frá því að Anna hafi þá lagt stund á nám í ljósmyndun

²³ Meðal þeirra kvenna sem áttu eftir að setja mark sitt á ljósmyndasögu 20. aldar á Íslandi má nefna Sigríði Zoëga og Steinunni Thorsteinsson. Sjá Æsa Sigurjónsdóttir, *Sigríður Zoëga ljósmyndari í Reykjavík*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2000 og Íris Ellenberger, Hafðís Erla Hafsteinsdóttir og Ásta Kristín Benediksdóttir, „Meira en þúsund orð. Ljósmyndun og rómantísk vinátta við upphaf tuttugustu aldar“, *Saga. Tímarit Sögufélags*, 1/2019, bls. 7–17.

²⁴ Í þessu sambandi er þó vert að nefna grein Sigríðar Th. Erlendsdóttur, „Reykviskar konur í atvinnulífinu 1880-1914“, *Reykjavík miðstöð þjóðlífs. Safn til sögu Reykjavíkur*, ritstjóri Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: Sögufélag, 1977, bls. 41–61 og bók Erlu Huldu Halldórsdóttur, *Nátímans konur. Menntun kvenna og móttun kyngervis á Íslandi 1850-1903*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun – RIKK, Háskólaútgáfan, 2011, sem einnig kemur inn á þetta svið. Á undanförunum árum hefur þáttur og staða kvenna í íslensku atvinnulífi fengið aukna athygli í rannsóknum fræðimanna og má í því sambandi nefna rannsóknir Sigríðar Matthíasdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur, sjá til dæmis Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Auðmagn sem erfist og kynslóðir vesturfarakvenna. Athafansemin og þverþjóðleiki“, *Saga. Tímarit Sögufélags* 1/2018, bls. 182–212 og Sigríður Matthíasdóttir, „Á (ó)opinberu sviði við alþjóðlega höfn“, *Sktrnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* haust/2022, bls. 265–293. Þá má benda á nýlega MA-ritgerð Arnheiðar Steinþórsdóttur um saumakonur í Reykjavík, sjá Arnheiður Steinþórsdóttir, „Saumavélar á Íslandi 1865–1920. Útbreiðsla, efnismenning og samfélagsleg áhrif“, meistararitgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, *Skemman*, 2023, sótt 20. júlí 2023 af <http://hdl.handle.net/1946/43156>. Þá má vekja athygli á nýlegri doktorsritgerð Hönnu Schaumburg Sørensen sem fjallar um stöðu útvinnaði kvenna í Danmörku á 19. öld, sjá Hanna Schaumburg Sørensen, *Købstaadskvinder. Kvinder, køn og forsørgelse i Randers, Grenaa og Ebeltoft 1787-1901*, Aalborg Universitet, Det Samfundsvidenskabelige Fakultet. Ph.D.-Serien, 2020. Sjá einnig „Forskning knuser myten om borgerfruen. Kvinder har næsten altid været på arbejdsmarkedet“, Museum Østjylland, sótt 2. ágúst 2023 á <https://museu-moj.randers.dk/media/28985/forskning-knuser-myten-om-borgerfruen-kvinder-har-naesten-altid-vaeret-paa.pdf>.

en ekki kemur fram hvar, hjá hverjum eða hversu lengi.²⁵ Mér hefur því miður heldur ekki tekist að finna upplýsingar þess efnis í öðrum heimildum eða frásögnum af starfi Önnu. Þessi staðreynd er óþægileg eyða í sögunni um hana. Ekki er útilokað að það hafi aðeins verið Henrik sem lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn þennan vetur og að hann hafi síðan kennt konu sinni. Henrik gerðist árið 1891 meðlimur í Félagi ljósmyndara í Danmörku (d. *Dansk Fotografisk Forening*) og til að byrja með var ljósmyndastofan rekin í hans nafni þó að allar heimildir bendi til þess að það hafi fyrst og fremst verið Anna sem tók myndir og hafði umsjón með daglegum rekstri ljósmyndastofunnar.²⁶ Það er einnig mögulegt að hjónin hafi deilt ábyrgð og rekstri myndastofunnar fyrstu árin. Þann 26. apríl árið 1878, stuttu eftir að Henrik og Anna komu til baka til Akureyrar frá Kaupmannahöfn, mátti sjá eftirfarandi auglýsingu frá Henrik í dagblaðinu *Norðlingi*; „Eftir 28. apríl tek eg undirskrifaður og sömuleiðis kona mín ljósmyndir í húsi mínu hér í bænum.“²⁷



Mynd 2. Auglýsing frá Henrik Schiöth í blaðinu *Norðlingi* í apríl 1878.

Fimm árum síðar, í júní árið 1883, mátti finna aðra auglýsingu frá Henrik í blaðinu *Norðanfara*. Þar segir: „Undirritaður tekur daglega ljósmyndir. Geta því þeir, er vilja láta taka af sjer myndir, snúið sjer til mín. Akureyri, 8. júní 1883. H. Schiöth.“²⁸ Fjórtán árum síðar, í október árið 1897, birtist síðan auglýsing í blaðinu *Stefni* sem undirritað er af Önnu Schiöth. Þar segir, „Myndir sem jeg hefi tekið í sumar, eru nú allar tilbúnar, og geta menn því nú þegar vitjað þeirra.“²⁹

²⁵ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, bls. 106.

²⁶ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, bls. 106. Hanne Schaumburg Sørensen, *I skyggen*, bls. 105. Sjá einnig „En af de første kvindelige fotografer i Island. Anna Catrine Schiöth“, *History of Photography*, sótt 3. júní 2023 af <https://www.fotohistorie.com/schioumlth-anna-catrine.html> og Halldór Friðjónsson, „Anna Ch. Schiöth“, *Verkamaðurinn*, 30. apríl 1921, bls. 1.

²⁷ Henrik Schiöth, „Ljósmyndir“, *Norðlingur*, 26. apríl 1878, bls. 208.

²⁸ *Norðanfari*, 13. júní 1883, bls. 60.

²⁹ *Stefni*, 25. október 1897, bls. 66. Sjá einnig auglýsingu frá Önnu Schiöth í *Stefni* 21. maí 1897, bls. 32. Þar segir: „Ljósmyndir tek ég í allt sumar til 15. sept.“

Tveimur árum síðar er í sama blaði vísað til Önnu sem „myndasmíðisatvinnufo-
tograf“.³⁰

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að giftar konur öðluðust ekki fjárhagslegt sjálfstæði og sjálfraði á Íslandi fyrr en aldamótaárið 1900.³¹ Ógiftar konur gátu hins vegar rekið fyrirtæki eða verslanir í eigin nafni en fyrsta konan sem opnaði eigin verslun á Íslandi var Ágústa Svendsen sem opnaði hannyrðaver-
slun í Reykjavík árið 1887.³² Því þarf ef til vill engan að undra að ljósmynda-
stofan hafi verið rekin undir nafni Henrik Schiöth en ekki í nafni eiginkonu hans Önnu Schiöth, og að myndirnar sem teknar voru á stofunni hafi verið merktar með nafni fyrirtækisins, H. Schiöth. Eins og áður hefur komið fram gat Anna heldur ekki borið fjárhagslega ábyrgð á rekstri fyrirtækisins sem gift kona. Með þá ábyrgð fór eiginmaðurinn.³³

Anna og Henrik voru mjög vel liðin á Akureyri, voru virk í bæjarlífinu og áttu marga vini. Fyrir utan að reka bakarí eða brauðgerðarhús, það fyrsta á Norðurlandi, var Henrik póstafréiðslumaður bæjarins frá árinu 1879 og starfaði einnig sem bankagjaldkeri frá árinu 1885. Hann sá auk þess um veðurathuganir fyrir dönsku veðurstofuna frá árinu 1873 og sat eitt kjörtímabil í bæjarstjórn Akureyrar.³⁴ Það hefur því verið í nógu að snúast hjá þeim hjónum.

Anna Schiöth var virk í ýmsu kvennastarfi. Hún safnaði ásamt fleiri konum fyrir nýrri kirkjubyggingu og átti frumkvæðið að stofnun Lystigarðsins á Akureyri.³⁵ Í dagblaðinu *Óðni* árið 1911 segir um Önnu að hún sé „mikil fríðleiks og

³⁰ *Stefnir*, 9. júní 1899. Í þessari frétt kemur einnig fram að Arnór Egilsson hafi keypt myndastofuna af Schiöth. Hann lést aðeins ári eftir að hann keypti bæði stofuna og allt glerplötusafn hjónanna. Gísli Benediktsson keypti þá stofuna og glerplötusafnið en lést einnig nokkrum mánuðum síðar. Ekki er vitað hvað varð um glerplötusafnið eftir þetta en aðeins lítill hluti af því hefur varðveist. Sjá upplýsingar sem skráðar hafa verið hjá Minjasafni Akureyrar, sótt 3. júní 2022 á <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1585929>.

³¹ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 263.

³² Sama heimild, bls. 268.

³³ Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur hefur fjallað um stöðu kvenna sem ráku fyrirtæki í samstarfi við eiginmenn sína í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar, sjá Sigríður Matthíasdóttir, „Á (ó)opinberu sviði við alþjóðlega höfn“, bls. 267–269.

³⁴ „Úr gömlum blöðum“, *Dagur*, 12. febrúar 1943 og „H. Schiöth“, *Óðinn*, 1. mars 1911, bls. 92–93. Sjá enn fremur *Norðlingur*, 10. maí 1876; *Norðlingur*, 18. maí 1876 og *Norðurland*, 1. júlí 1913, bls. 96. Sjá einnig, Klemens Jónsson, *Saga Akureyrar*, Akureyri: Akureyrarkaupstaður, 1948, bls. 110–112. Sjá sömuleiðis áhugaverða grein um „danska“ fólkið á Akureyri þar sem meðal annars er fjallað um Schiöth-fjölskylduna, Hulda Stefánsdóttir, „Danska fólkið á Akureyri“, *Morgunblaðið*, 29. ágúst 1962, bls. 10–11.

³⁵ Þess má geta að tengdadóttir Önnu og Henriks, hin danska Margarethe Friis Schiöth, eiginkona Axels Schiöth, vann ötullega að stofnun Lystigarðsins á Akureyri ásamt Önnu og var í forsvari fyrir hann í þrjátíu ár. Í garðinum er að finna brjóstmynd af Margréti.



Mynd 3. Hér má sjá ljósmynd sem merkt er H. Schiöth og Henrik eða Anna hafa að öllum líkindum tekið af fjórum börnum sínum, Axel, Ölmú Clöru, Carl Frederik og Olgu. Ljósmyndin er væntanlega tekin stuttu eftir að fjölskyldan kom til Akureyrar vorið 1878 og hjónin opnuðu sína eigin ljósmyndastofu. Fimmta barnið, Anna María, fæddist ári síðar, 1879. Þjóðminjasafn Íslands, Mms-7253.

myndarkona um alt, stjórnsöm mjög og dugleg. Rak hún ljósmyndagerð á Akureyri um nær 30 ár, með mikilli forsjá, og er nú ein af þeim konum, er mesta forgöngu hefur fyrir „Lystigarði á Akureyri“, enda hefur hún jafnan mikið stundað blóm og garðrækt.³⁶ Þá er sagt frá því að þau Anna og Henrik hafi eignast fimm börn og sé það efrirtekarvert hversu góða íslensku fjölskyldan tali. Blaðamaður *Óðins* skrifar auk þess: „Schiöths-hjónin hafa verið búsett á Akureyri í nær 43 ár og eru þau svo íslensk í anda sem innfædd væru og börn þeirra al-íslensk, svo að þau hafa jafnan talað íslensku saman og skrifast á því máli, og mun það fágætt heita á voru landi.“³⁷



Mynd 4. Ljósmynd Önnu Schiöth af Búðargili á Akureyri, 28. ágúst 1882. Myndin er tekin á glerplötu með votplötutækni. Efst í hægra horninu má sjá fingrafar ljósmyndarans þar sem hún hefur haldið á plötunni við gerð hennar.³⁸ Minjasafnið á Akureyri, H2-356.

Sjá heimasíðu Akureyrarbæjar, sótt 3. júlí 2022 á <https://www.visitakureyri.is/is/see-and-do/ahugaverdir-stadir/botanical-garden>.

³⁶ Sama heimild.

³⁷ „H. Schiöth“, *Óðinn*, 1. mars 1911, bls. 93. Þess má geta að Axel Schiöth, sonur Önnu og Henriks, var einn af stofnendum Knattspyrnufélags Akureyrar, sjá til dæmis „Axel Schiöth“, *Íslendingur*, 24. apríl 1959, bls. 5.

³⁸ Nánari upplýsingar um myndina er að finna á *Sarpi*, sótt 28. júní 2023 á <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1625689>.

Á seinni hluta 19. aldar og í byrjun 20 aldar jókst vitund Íslendinga um eigin sögu, sjálfsmynd, menningararf og tungumál, og var samofin baráttu þeirra fyrir auknu sjálfstæði frá Danmörku. Kröfur Íslendinga um aukið sjálfstæði voru þó hógværar á 19. öld og „íslenskt fullveldi var tæplega nefnt á nafn í íslenski stjórn málaumræðu fyrr en á fyrstu árum 20. aldar.“³⁹ Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur hefur rannsakað sjálfstæðisbaráttu Íslendinga ítarlega og bent á að í henni hafi sameinast viðleitni til almennra framfara og þrá eftir auknu sjálfstæði. Á 19. öld var markmið baráttunnar að hvetja þjóðina til almennra framfara án þess að skýr pólitísk markmið væru nefnd. Guðmundur segir: ⁴⁰

Staðreyndin var [...] sú að alla 19. öldina þóttu Íslendingar of fáir og fátækir til að ráða sínum málum sjálfir án utanaðkomandi aðstoðar, en engin getur talist fyllilega sjálfráða sem er fjárhagslega upp á aðra komin. [...] Sjálfstæðisbaráttan var því margþætt fyrirbæri og var háð á mörgum vígstöðvum. Að hluta til var hún barátta fyrir meintum réttindum þjóðarinnar, sem byggðu á alþjóðlegum hugmyndum um þjóðríki. En hún var einnig barátta fyrir nýjum atvinnuháttum á Íslandi og efnahagslegu sjálfstæði. Síðast en ekki síst þá má ekki gleymast að sjálfstæðisbaráttan var líka barátta fyrir almennum mannréttindum í landinu sjálfu, þannig að fullveldið væri ekki aðeins eign hluta þjóðarinnar heldur hennar allrar.⁴¹

Sjálfstæðisbaráttan var því barátta fyrir auknu sjálfræði, efnahagslegu sjálfstæði og almennum mannréttindum – og í því samhengi gátu Danir bæði verið andstæðingar og stuðningsmenn.⁴² Danir höfðu lengi verið í áhrifastöðum á Íslandi,

³⁹ Guðmundur Hálfðanarson, „Sjálfstæðisbarátta í hundrað ár“, *Lífsblómið. Fullveldi Íslands í 100 ár*, ritstjóri Þórður Ingi Guðjónsson, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Listasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands, 2018 bls. 15.

⁴⁰ Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkAkademían, 2001 og Guðmundur Hálfðanarson, „Severing the ties – Iceland’s journey from a union with Denmark to a nation-state“, *Scandinavian Journal of History* 3-4/2006, bls. 237–254, DOI: 10.1080/03468750600930878.

⁴¹ Guðmundur Hálfðanarson, „Sjálfstæðisbarátta í hundrað ár“, bls. 15.

⁴² Íslendingar gátu verið íhaldssamir þegar kom að auknum mannréttindum sem meðal annars birtist í því þegar sérstakt aldursákvæði var sett varðandi kosningarétt kvenna, sjá til dæmis, greinarnar „Kvennasögusafn Íslands“ og „Kosningaréttur kvenna“, *Kvennasögusafn Íslands*, sótt 7. júní 2023 af <https://kvennasogusafn.is/index.php?page=kosningarrettur-kvenna> og <https://kvennasogusafn.is/index.php?page=kosningarettur-serstada-islands>. Sjá einnig Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem ljósa. Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 74–82. Konur fengu almennan kosningarétt í Danmörku sama

bæði innan stjórnkerfisins en einnig sem kaupmenn og verslunarmenn víða um land.⁴³ Margir þeirra héldu sig út af fyrir sig en algengara var þó að bæði íslenskir og danskir embættismenn stæðu saman og það sama má segja um borgarastéttina, enda voru flestir þeir Íslendingar sem komumst til áhrifa í landinu menntaðir í Kaupmannahöfn og töluvert var um blönduð hjónabönd. Í grein um Dani á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar skrifar Íris Ellenberger sagnfræðingur að áhrifamestu fjölskyldurnar hafi oft og tíðum verið dansk-íslenskar, og danskir kaupmenn höfðu gjarnan búið á Íslandi kynslóðum saman. Það sé því flókið mál að greina Dani frá Íslendingum á forsendum þjóðernis, sérstaklega þegar kemur að efri lögum samfélagsins.⁴⁴ Með aukinni áherslu á sjálfstæði þjóðarinnar jókst þó bilið milli Dana og Íslendinga og að sama skapi var ljóst að þeir Danir sem vildu vinna sér traust Íslendinga þurftu að tileinka sér tungumálið.⁴⁵

Þau Anna og Henrik virðast hafa unnið sér traust bæjarbúa á Akureyri, með-

ár og á Íslandi, 1915, en engin sérákvæði voru um aldur kvenna heldur fengu allir fullorðnir einstaklingar, 25 ára og eldri, með ríkisborgararétt og búsetu í Danmörku rétt til að kjósa til þings, sjá „Kampen for kvinders valgret, 1871-1915“, *Danmarkshistorien.dk*, sótt 7. júní 2023 af <https://danmarkshistorien.dk/vis/materiale/kampen-for-kvindere-valgret-1871-1915> og „Valgret 1834-1915“, *Danmarkshistorien.dk*, sótt 7. júní 2023 af <https://danmarkshistorien.dk/vis/materiale/valgret-1834-1915>.

⁴³ Á síðustu árum hafa fræðimenn tekist á um hvort Íslandi hafi í einhverjum skilningi verið nýlenda Dana. Út frá hagsögulegum og menningarlegum forsendum má færa rök fyrir því að Ísland hafi verið nýlenda. Lagalega séð var Ísland hins vegar aldrei nýlenda Dana og ólíkt til dæmis íbúum í nýlendum Dana í Vestur-Indíum og á Grænlandi þá nutu Íslendingar sömu lagalegu réttindanna og danskir íbúar ríkisins. Sjá til dæmis: *Lífsblómíð. Fullveldi Íslands í 100 ár*, ritstjóri Þórður Ingi Guðjónsson, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Listasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands, 2018, bls. 15. Sjá einnig, Kirsten Thisted og Ann-Sofie N. Gremaud (ritstjórar), *Denmark and the new North Atlantic. Narratives and memories in a former empire*, Aarhus: Aarhus University Press, 2020.

⁴⁴ Íris Ellenberger, „Danskere på Island i første halvdel af det 20. århundrede“, *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*, Auður Hauksdóttir, Guðmundur Jónsson og Erik-Skyum-Nielsen ritstjórar, Kaupmannahöfn: Forlaget Vandkunsten, 2015, bls. 38–84, hér bls. 54. Í greininni segir orðrétt: „Det er derfor en kompliceret sag at adskille danskere og islændinge på grundlag af nationalitet, når man vil undersøge islandsk byliv ved begyndelsen af det 20. århundrede, og specielt bysamfundets øvre lag.“

⁴⁵ Auður Hauksdóttir, Guðmundur Jónsson og Erik-Skyum-Nielsen (ritstjórar), *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*, Kaupmannahöfn: Forlaget Vandkunsten, 2015. Sjá einkum grein Þóru Bjarkar Hjartardóttur, „Danskernes variant af islandsk“, bls. 223–278. Erfitt er að segja til um hversu margir danskir innflytjendur bjuggu á Íslandi um aldamótin síðustu en samkvæmt manntalinu árið 1901 bjuggu þá 246 einstaklingar á Íslandi sem fæddir voru í Danmörku. Anna og Henrik voru þar á meðal. *Manntal á Íslandi 1901* sótt 3. júní 2022 af <http://manntal.is/> og upplýsingar um hagtölur fyrir Ísland á vef Hagstofu Íslands, sótt 23. október 2022 á <https://hagstofa.is/>. Sjá einnig upplýsingar um fjölda Dana á Íslandi í Auður Hauksdóttir, Guðmundur Jónsson og Erik-Skyum-Nielsen (ritstjórar), *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*, bls. 41.

al annars með því að læra íslensku, og leyfa börnum sínum að tala íslensku sín á milli en eins með því að vera afar virk í bæjarlífinu, eins og áður sagði. Þá naut Anna mikillar virðingar sem forvígskona og einn af stofnendum Lystigarðsins á Akureyri.⁴⁶ Lítið var um trjágróður og blómarækt á Íslandi á seinni hluta 19. aldar en eftir því sem leið á 20. öldina virðist það hafa verið áhugaefni margra danskra kvenna að kanna möguleikann á að rækta hér á landi plöntur sem þær þekktu frá heimalandi sínu, og oft með góðum árangri.⁴⁷

Áhugi á ljósmyndun og plöntum virðist oft fara saman. Ekki er vitað hvort Anna Schiöth hafði kynnt sér verk ýmissa frumkvöðla og þekktara ljósmyndara á 19. öld en áhugavert er að leiða hugann að því hversu margir ljósmyndarar á þeim tíma lögðu rækt við bæði garð- og blómarækt og ljósmyndun. Má í því sambandi nefna frumkvöðlana Önnu Atkins og Henry Fox Talbot.⁴⁸ Listfræðingurinn Carol Armstrong hefur bent á hvernig sú staðreynd að veruleikinn skilur eftir sig ummerki á ljósnæmum fleti hafi tengt ljósmyndun og rannsóknir á náttúrunni órjúfa böndum allt frá upphafi.⁴⁹

Ekki hafa varðveist neinar ljósmyndir eftir Önnu Schiöth af blómum eða gróðri og ekki er vitað hvort hún tók slíkar myndir. Flestar myndir sem varðveist hafa úr safni hennar eru portret myndir úr ljósmyndastúdíói hennar eða myndahúsi eins og það var kallað.⁵⁰ Ýmislegt bendir til þess að Anna hafi raðað upp myndatökum hverri á eftir annarri og tekið svo tíma frá síðar til að sinna vinnu í myrakraherbergi og myndvinnslu. Þannig má til dæmis sjá auglýsingu í blaðinu *Stefni* í lok október árið 1897 þar sem segir: „MYNDIR sem jeg hefi tekið í sumar, eru nú allar tilbúnar, og geta menn því nú þegar vitjað þeirra. Akureyri, 21. okt. 1897.“⁵¹ Áður en viðskiptavinir myndastofunnar fengu myndir sínar afhentar

⁴⁶ Sjá til dæmis umfangullun Jóns Rögnvaldssonar, „Lystigarðurinn 50.ára“, *Dagur*, 29. ágúst 1962, bls. 44–45.

⁴⁷ Sjá til dæmis Christina Folke Ax, „Dansk kultur í en islandsk kontekst“, *Gullfoss. Mødet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*, Auður Hauksdóttir, Guðmundur Jónsson og Erik-Skyum-Nielsen ritstjórar, Kaupmannahöfn: Forlaget Vandkunsten, 2015, bls. 319–354, hér bls. 344–346 og viðtal Fríðu Björnsdóttur við Ingeborg Einarsson, „Héðan eru flestar minningarnar“, *Vikan*, 24. febrúar 1983, bls. 8–11.

⁴⁸ Sjá til dæmis Geoffrey Batchen, *Burning with Desire. The Conception of Photography*, Cambridge, Mass.: The MIT Press, 1999; Lars Kiel Bertelsen, *Fotografiets grå mytologi. Historier på kanten af et medie*, Rævens Sorte Bibliotek 51, Kaupmannahöfn: Politisk Revy, 2000 og Carol Armstrong, „Photosynthesis, Photography and Drawing. Anna Atkins' British Algae“, *Filter. Photosynthetic* 7/2017, bls. 17–29.

⁴⁹ Carol Armstrong, „Photosynthesis, Photography and Drawing. Anna Atkins' British Algae“, bls. 20.

⁵⁰ *Stefnir*, 9. júní 1899, bls. 36.

⁵¹ *Stefnir*, 25. október 1897, bls. 66. Sjá einnig grein Ingu Láru Baldvinsdóttur, „Bakhlíðar ljósmyndaspjalda á ljósmyndum Önnu Schiöth“, á vef Þjóðminjasafns Íslands, sótt 31.



Mynd 5. Ljósmynd frá 13. ágúst 1909. Á ljósmyndinni má sjá Önnu og Henrik ásamt Ölmu dóttur þeirra og eiginmanni hennar, Oddi Thorarensen lyfsala, og sonum þeirra þremur, Henrik, Oddi Carli og Stefáni. Ljósmyndin er væntanlega tekin annað hvort í garðinum við heimili Önnu og Henriks eða í garði Ölmur og Odds. Mögulegt er að dóttir Ölmur og Odds, Olivia, hafi tekið myndina. Eftirtektarvert er hversu mikill gróður er í garðinum. Þjóðminjasafn Íslands, Mms-25480.

voru þó gerðar prufumyndir. Þannig skrifar ungur maður til að mynda árið 1893 eftir heimsókn á myndastofu Önnu: „Við höfum nýlega setið fyrir, en því er nú ver og miður, að svo stutt er síðan að við höfum ekki einu sinni fengið próvekkort enn auk heldur fullgerðar myndir.“⁵²


Ljósmyndað utandyra

Nokkrar ljósmyndir hafa varðveist í safni Önnu Schiöth sem teknar eru utandyra. Heimildagildi þeirra er mikið en þær varpa bæði ljósi á staðarhætti og mannlíf í bænum og hafa fyrir vikið margoft verið birtar með umfjöllunum um sögu Akureyrar, bæði í bókum og með blaðagreinum.⁵³

júlí 2023 á <https://www.thjodminjasafn.is/syningar-vidburdir/adrar-syningar/ljosmynd-manadarins/bakhlidar-myndaspjalda-a-ljosmyndum-onnu-schioth>.

⁵² *Landsbókasafn Íslands, ÍB 102 fol.a.: Bréf frá Vilhjálmi Jónsson til Jóns Borgfirðings, 5. júní 1893. Sjá einnig, Sigrún Alba Sigurðardóttir, Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 322.*

⁵³ Í bók Klemensar Jónssonar, *Saga Akureyrar*, frá árinu 1948 má til að mynda finna að



Mynd 6. Ljósmynd eftir Önnu Schiöth af Glerárfossi. Þjóðminjasafn Íslands, TK2-94.

Meðal þekktari mynda Önnu er ljósmynd sem tekin er við Glerárfoss árið 1896 (mynd 6). Á henni eru sjö karlar, þrír drengir og ein kona á brú sem liggur yfir fossinn. Til vinstri á myndinni sést sparíklæddur karlmaður sem hefur fengið sér sæti á klettabrún og spennir á skondinn hátt upp regnhlíf, mögulega til að verjast úðanum frá fossinum.

Á elstu ljósmyndinni eftir Önnu Schiöth, sem tekin er utandyra og varðveist hefur, má sjá ljósmyndastúdíó hennar sem staðsett var í litlu timburhúsi á lóðinni við íbúðarhús og bakarí fjölskyldunnar við Hafnarstræti 23 (mynd 7). Myndin er tekin á glerplötu árið 1882.



Mynd 7. Ljósmynd Önnu af heimili þeirra við Hafnarstræti 23. Ljósmyndin er tekin þann 28. ágúst 1882. Minjasafnið á Akureyri. H1-103.

Við inngang íbúðarhússins má koma auga á Henrik sem stendur þar með krosslagða fætur og er hann bæði afslappaður og glaðbeittur að sjá. Á tveimur stólum sem stillt hefur verið upp fyrir framan húsið eru tvær konur með lítið barn á milli sín, mögulega er barnið Anna María, yngsta dóttir Henriks og Önnu sem fædd

minnsta kosti átta ljósmyndir eftir Önnu af Akureyri og bæjarbúum en athyglisvert að aðeins í eitt skipti af þessum átta er ljósmyndarinn nefndur með nafni. Auk þessarar mynda sem vítað er að teknar voru af Önnu er líklegt að hún hafi tekið fleiri myndir af bænum sem birtar eru í bókinni. Þá er fjöldi stúdíómynda af fólki birtur í bókinni og verður að teljast líklegt að hluti þeirra hafi verið tekin á ljósmyndastofu Schiöth-hjónanna þó það sé ekki nefnt.

var árið 1879 og konurnar tvær aðeins unglingsstúlkur, það er eldri dætur þeirra hjóna, þær Alma og Olga sem fæddar voru 1867 og 1868 og voru því fimmtán og fjórtán ára þegar myndin var tekin. Önnur þeirra virðist vera í íslenskum peysufötum en hin í dönskum fötum og með hatt.⁵⁴ Hægra megin á myndinni er ungur drengur með hvíta húfu, væntanlega aðstoðarmaður í bakaríinu eða hugsanlega Axel sonur Önnu og Henriks sem var tólf ára. Út um glugga á miðhæðinni gægist svo kona. Hér er því um að ræða bæði ljósmynd af húsi og mynd af ólíkum einstaklingum sem tengjast því. Á myndinni má einnig greina danska fánann, Dannebrog, sem blaktir í norðanáttinni, og hluta af fiskibát sem dreginn hefur verið á land. Fremst á myndinni eru leifar af hafis sem vekur nokkra furðu þar sem dagsetningin 28. ágúst hefur verið skrifuð á myndina. Þetta á sér þó skýringar.

Árið 1882 var óvenjukalt á Íslandi, og á Norðurlandi var meðalhiti við frostmark dagana 13.–22. ágúst. Sagnir herma að þetta sumar hafi snjóað töluvert en slíkt er afar óvenjulegt.⁵⁵ Ekki er ólíklegt að myndatakan og sjónarhornið hafi verið valið út frá hafisnum sem er í forgrunni á myndinni. Jafnvel má hugsa sér að hún hafi verið tekin sérstaklega til þess að staðfesta óvenjulegt veðurfar á þessum árstíma og tengist þannig mögulega starfi Henriks fyrir Dönsku veðurstofuna. Á bakhlið af prenti af myndinni sem varðveitt er á Minjasafninu á Akureyri, er athyglinni beint að hafisnum. Þar stendur: „Bageri, Posthus, Atelier. Det er taget i 1882, paa en stort stk Grönlandskis den 28 August. Du ser en Part af Isen.“⁵⁶

Eins og áður sagði er þetta elsta ljósmynd Önnu sem tekin er utandyra sem varðveist hefur og önnur af tveimur votplötum en frá árinu 1880 virðist hún að mestu hafa tekið myndir á þurrplötur og voru þær mun auðveldari í meðförum en glerplöturnar. Inga Lára Baldvinsdóttir segir frá tilkomu þurrplötunnar til Íslands um 1880 og hvernig þær breyttu vinnuumhverfi ljósmyndara:

⁵⁴ Í upplýsingum sem fylgja myndinni á Minjasafninu á Akureyri segir að fólkið fyrir fram- an húsið séu börn þeirra Henriks og Önnu. Sótt á Sarp 3. júní 2023, <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1585929>.

⁵⁵ Sjá upplýsingar á heimasíðu Veðurstofu Íslands; Trausti Jónsson, „Hitafar á Íslandi eftir 1800“, *Veðurstofa Íslands*, 23. janúar 2007, sótt 3. júní 2023 af <https://www.vedur.is/loftslag/loftslag/fra1800/hitafar/> og Trausti Jónsson, „Grímsstaðir á Fjöllum“, *Veðurstofa Íslands*, 24. september 2007, sótt 3. júní 2023 af <https://m.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1040> og Trausti Jónsson, „Af árinu 1882“, *blog.is*, 14. apríl 2018, sótt 3. júní 2023 af <https://trj.blog.is/blog/trj/entry/2214536/>.

⁵⁶ Sjá skráningu á Sarp, sótt 3. júní 2023 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1585929>.

Kostir þessarar aðferðar voru einkum tveir: ljósmyndaplöturnar voru útbúnar mánuðum fyrir notkun, þær voru fljótvirkari og bíða mátti með að framkalla þær. Himnan á þeim var gerð úr gelatíni. Enda þótt ljósmyndarar gætu sjálfir búið til ljósmyndaplötur af þessari gerð varð fjöldaframleiðsla þeirra brátt alls ráðandi og með tilkomu þessarar nýju ljósmyndaplötu varð til sá ljósmyndaiðnaður sem við þekkjum nú. Ljósmyndun varð einfaldari og fljótvirkari og sömuleiðis mynda- vélar og sá búnaður sem ferðast þurfti með.⁵⁷

En árið 1882 var Anna Schiöth enn að nota votplötur. Votplötur voru þannig gerðar að bómullarupplausn var bleytt í eter og límur þessi efnablanda silfur á plötuna sem gerir hana ljósnæma. Eftir að mynd hefur verið tekin þarf að framkalla hana í vatnsupplausn með járni, sykri, ediksýru og alkóhóli.⁵⁸ „Við þetta ferli þarf að hafa hraðar hendur því þetta þarf að gerast áður en sjálf myndin þornar. Því næst eru efnin skoluð með eimuðu vatni og svo böðuð í fixer. Fixerinn er skolaður af. Platan sett í þurrkgrind og að endingu lökkuð með alkóhóllakki sem gert er úr alkóhóli, lavenderolíu og trjákvodu,“ útskýrir Hörður Geirsson safnvörður Ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri í viðtali við *Morgunblaðið* árið 2014 en hann hefur rannsakað myndir Önnu og þá tækni sem hún notaði ítarlega.⁵⁹ Hörður hefur einnig lýst því hvernig megi sjá fingraför Önnu í vinstra horninu á glerplötunni og í skráningu á myndinni hjá Minjasafni Akureyrar segir að ætla megi að það hafi tekið Önnu um um 4–6 sekúndur að taka myndina af húsinu við Hafnarstræti árið 1882. Líklegt er að linsan sé af gerðinni *rapid rectilinear* sem gefur skarpan fókus í miðju á meðan jadrarnir eru óskýrari og minna lýstir.⁶⁰

⁵⁷ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, bls. 36.

⁵⁸ Sjá umfjöllun um votplötur og þá tækni sem Anna Schiöth beitti í viðtali Malínar Brand við Hörð Geirsson, safnvörð Ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri, „Nútíminn myndaður með augum fortíðar“, *Morgunblaðið*, 28. júní 2014, bls. 10–11. Sjá einnig umfjöllun um sögu ljósmyndunar á Íslandi með tilliti til tæknilegra þátta á vef Ljósmyndafélags Íslands, Hilmar Karlsson, „Saga félagsins“, *Ljósmyndaafélag Íslands*, sótt 31. júlí 2023 á <https://www.ljosmyndarafelag.is/sagan>.

⁵⁹ Malín Brand, „Nútíminn myndaður með augum fortíðar“, bls. 10–11.

⁶⁰ Sjá skráningu frá Minjasafninu á Akureyri sem fylgir myndinni, sótt á Sarp 3. júní 2023 af <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1585929>. Upplýsingar eru einnig fengnar úr óbirtu handriti Harðar Geirssonar, safnvörðs ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri, um Önnu Cathrine Schiöth og samtali greinahöfundar við hann 11. ágúst 2022.

Ljósmyndarinn sem fyrirmynd ungra kvenna

Anna átti það til að færa ljósmyndastúdíóið undir bert loft og taka ljósmyndir utan dyra, ekki síst hópmyndir, enda hefur aðstaðan inni í myndahúsinu væntanlega ekki boðið upp á fjölmennar tókur. Ein slík er þekkt mynd hennar af skólustúlkum við Kvennaskólann á Laugalandi (mynd 8).



Mynd 8. Ljósmynd eftir Önnu Schiöth sem tekin er fyrir utan ljósmyndastúdíó þeirra hjóna í Hafnarstræti árið 1880. Á myndinni má sjá stúlkur í hinum nýstofnaða Kvennaskóla á Laugalandi. Minjasafnið á Akureyri, STÆ5-134.

Myndin er væntanlega tekin árið 1880, ef til vill snemma vors því enn má sjá snjó í fjöllum í baksýn, og mögulega er um útskriftarmynd að ræða. Stúlkurnar eru allar klæddar í húfubúning eða peysuföt sem þær hafa líklega saumað sjálfar í skólanum þá um veturinn.⁶¹ Kvennaskólinn á Laugalandi hafði verið stofnaður aðeins þremur árum fyrir, árið 1877, og var á þessum tíma einn af fjórum kvennaskólum í landinu. Sá fyrsti hóf göngu sína í Reykjavík árið 1874.⁶² Kvennaskólar voru mikilvægur liður í kvenréttindabaráttu 19. aldar enda færðu þeir konum ný tækifæri, þrátt fyrir að þau væru á forsendum karla og kvennaskólarnir vel til þess fallnir að styðja við ríkjandi valdakerfi og hefðbundin kyn-

⁶¹ Æsa Sigurjónsdóttir, *Til gagns og til fegurðar. Sjálfsmýndir í ljósmyndum og klæðnaði á Íslandi 1860-1960*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2008, bls. 57–67.

⁶² Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, bls. 17.

hlutverk. Í bókinni *Núttímans konur. Menntun kvenna og móttun kyngervís á Íslandi 1850–1903* færir Erla Hulda Halldórsdóttir rök fyrir því að kvennaskólarnir hafi gegnt mikilvægu hlutverki í því að „viðhalda ríkjandi hugmyndum um hlutverk og eðli kvenna með því að gera konur hæfari til þess að verða mæður og húsmæður.“⁶³ Erla Hulda skrifar:

Með því er átt við að þar var að ýmsu leyti viðhaldið ríkjandi hugmyndum um mismun kynjanna og ólík samfélagsleg hlutverk og stúlkur sem sóttu skólana litu á veru sína þar sem mikilvægan þátt í því að búa sig undir húsmóðurstarfið. Þessar stúlkur höfðu ekki áhuga á að stíga út fyrir það svið. Skólarnir voru jafnframt staður þar sem stúlkur komust í tæri við nýjar hugmyndir, ræddu saman og létu sig dreyma um önnur störf en mæðrum þeirra og ömmum hafði staðið til boða. Þannig urðu kvennaskólarnir vettvangur sem bjó til aðstæður og gerði konum kleift að takast á við þverstæðukenndar hugmyndir um hlutverk sitt og eðli.⁶⁴

Kvennaskólarnir urðu þannig „skurðpunktur átaka, hugmynda og vitundarvakningar“.⁶⁵ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ein framsæknasta kvenréttindakona síns tíma, stundaði til að mynda nám við Kvennaskólann á Laugalandi veturinn 1880–1881 og þótti nokkuð óstýrillát.⁶⁶

Þrátt fyrir að yfirborðið væri hefðbundið og hið þjóðlega upphafið í takt við hefðbundið hlutverk kvenna á þessum tíma kann að vera að róttækar hugmyndir um jafnrétti og annars konar framtíð hafi brotist um í brjósti ungrar stúlkur sem horfir einbeitt í linsu myndavélarinnar. Getur verið að ljósmyndarinn Anna Schiöth hafi verið róttækum stúlkum fyrirmynd, að hún hafi með starfi sínu hreyft við frelsishugmyndum og þönkum um annars konar framtíð? Hvernig ætli það hafi

⁶³ Sama heimild, bls. 342.

⁶⁴ Sama heimild, bls. 342.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 345. Sjá einnig Íris Ellenberger, „Ég er alveg í öðrum heimi. Kvennaskólinn í Reykjavík, kvannahreyfingin og hinsegin ástir meðal kennslukvenna um aldamótinn 1900“, *Ritið* 2/2021, bls. 103–130.

⁶⁶ Í bók sinni *Núttímans konur* segir Erla Hulda Halldórsdóttir, „Flest bendir til þess að Bríet hafi á þessum tíma verið óvenjufrökk og ákveðin í skoðunum. Það gerir hana óvenjulega í hópi skólástúlkna, hún verður ekki talin dæmigerð, en um leið er hún spennandi spegill á umhverfi sitt af því að hún brýtur upp viðteknar hugmyndir og hagar sér öðruvísi en til er ætlast.“ Þá segir Erla Hulda frá því að Bríet hafi tekist á við Valgerði skólastýru um ýmis mál og hafi fengið ofanígjöf fyrir. Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, bls. 234–237, bein tilvitnun er af bls. 234.

komið við unga stúlku að sjá konu á glæsilegum dönskum kjól á bak við myndavélina, konu sem á snilldarlegan hátt sameinaði það tvennt að vera bæði kvenleg, í skilningi síns tíma, og um leið framsækin, að sinna móðurhlutverkinu af alúð (eftir því sem best verður séð) en vinna samt fyrir sér og nýta hæfileika sína bæði til framfærslu fjölskyldunnar og til sköpunar? Anna var frumkvöðull og fyrirmynd að mörgu leyti. Árið 1880, sama ár og myndin af kvennaskólastúlkunum var tekin, hélt hún sína fyrstu ljósmyndasýningu og var það jafnframt sú fyrsta sem haldin var á Íslandi. Ljósmyndasýningin var hluti af stærri landbúnaðarsýningu sem haldin var á Akureyri og fékk Anna hrós fyrir af matsmönnum sýningarinnar sem skráðir eru E.E. Möller, G. Ólason og E. Grímsson en frá þessum stutta dómi er greint frá í blaðinu *Norðanfara*.⁶⁷ Á síðustu áratugum 19. aldar virðist ekki hafa verið óalgennt að sýna ljósmyndir á landbúnaðar- og atvinnusýningum erlendis enda vörpuðu ljósmyndirnar bæði ljósi á bæjar- og atvinnulíf og beindu sjónum að ljósmyndun sem starfsvettvangi.⁶⁸

Atvinnutækifæri voru fábrotin fyrir ungar stúlkur á Íslandi á þessum tíma – jafnvel enn fábreyttari en á öðrum Norðurlöndum.⁶⁹ Til að mynda störfuðu konur hvorki sem kennarar né hjúkrunarkonur á Íslandi fyrr en um aldamótin 1900. Einstaka kona fékk starf sem heimiliskennari á 9. og 10. áratug aldarinnar en það þótti „vera í svo litlum mæli að það gæti varla talist starfsgrein.“⁷⁰ Það sama mátti segja um starf saumakonunnar. Fram til ársins 1880 hafði aðeins ein kona atvinnu af saumaskap í Reykjavík og fyrstu hjúkrunarkonurnar útskrifuðust ekki fyrr en árið 1898. Hins vegar höfðu konur lengi starfað sem ljósmæður á Íslandi og virðist það hafa verið eina launaða starfið sem stóð konum af borgarastétt raunverulega til boða utan þess að vera ljósmyndari.⁷¹ Eitthvað var um að konur stæðu fyrir eða tækju þátt í veitingarekstri og verslunarrekstri fyrir aldamótin

⁶⁷ *Norðanfari*, 16. júní 1880, bls. 84.

⁶⁸ Sjá til dæmis umfjöllun Mette Kie Krabbe Meyer í „Mary Steen – a self made woman“, *Striving for Independence. Women Pioneers in Early Nordic Photography, 1860-1920*, Sigrid Lien og Mette Sandbye ritstjórar, Berlin: De Gryter, 2025 (væntanleg).

⁶⁹ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 342–343. Sjá einnig Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem ljósa*, bls. 69.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 269. Sjá einnig Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem ljósa*, bls. 85.

⁷¹ Sama heimild, bls. 268–269. Rétt er þó að taka fram að ekki hafa verið gerðar ítarlegar rannsóknir á atvinnuþátttöku kvenna af borgarastétt á síðari hluta 19. aldar. Hér má þó nefna grein Sigríðar Th. Erlendsdóttur frá árinu 1977 en rannsókn hennar nær yfir atvinnuþátttöku kvenna í Reykjavík 1880–1914, sjá Sigríður Erlendsdóttir, „Reykvískar konur í atvinnulífnu 1880-1914“, bls. 41–61. Sjá einnig, Sigríður Matthíasdóttir, „Á (ó) opinberu sviði við alþjóðlega höfn“, bls. 267–271.

1900 en umfang þess hefur lítið verið rannskað.⁷² Þá störfuðu nokkrar konur við kvennaskólana, bæði sem kennarar og sem skólastýrur.⁷³

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að allt frá upphafi þótti ljósmyndun vera tækni sem vel stæðar og borgaralegar konur gátu tileinkað sér, ekki ósvipað og listmálun eða önnur tólmstundariðja. Þannig komst einn af upphafsmönnum ljósmyndunar til að mynda að orði árið 1839 þegar hann kynnti uppfinningu sína, sem hann kallaði Daguerreótypu, fyrir frönsku vísindaakademíunni:

Hver sem er mun, með aðstoð Daguerreótypunnar, geta búið til mynd af kastala sínum eða sumarhúsi: fólk mun koma sér upp myndasöfnum með myndum af öllu mögulegu, þau munu verða einstaklega dýrmæt því að listin mun aldrei geta endurskapað veruleikann af sömu nákvæmni, [...] Þeir sem hafa nægar frístundir munu hrífast af þessari nýju tólmstundariðju, og jafnvel þó að niðurstaðan mótist af efnafræðilegum aðferðum, mun þessi einfalda tækni veita *dömum* mikla ánægju.⁷⁴

Daguerre sá það ef til vill ekki fyrir að konur myndu nýta sér ljósmyndataeknina til að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði og reka eigin ljósmyndastofur. Konur víða í Evrópu, og ekki síst á Norðurlöndum, fóru á seinni hluta 19. aldar að hasla sér völl í heimi ljósmynda og ljósmyndun varð smám saman viðurkennd starfsgrein meðal kvenna.⁷⁵ Þannig er til að mynda álitid að konur hafi verið um einn þriðji hluti starfandi ljósmyndara í Kaupmannahöfn á síðustu fjórum ára-

⁷² Sjá grein Sigríðar Matthíasdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur, „Auðmagn sem erfist og kynslóðir vesturfarakvenna. Athafnasemi og þverþjóðleiki“, bls. 182–212 og grein Sigríðar Matthíasdóttur, „Á (ó)opinberu sviði við alþjóðlega höfn“, bls. 265–293. Svo virðist sem konum í rekstri hafi fjölgað mikið eftir aldamótinn 1900. Sjá grein Guðjóns Friðrikssonar um konur í verslunarstörfum, „Kaupkonur og búðardömur. Verslunarkonur í Reykjavík 1880-1917“, *Sagnir. Tímarit um söguleg efni* 11/1990, bls. 78–87. Sjá einnig, Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880-1914“, bls. 41–61.

⁷³ Sjá umfjöllun um kvennaskólana í bók Erlu Huldu Halldórsdóttur, *Núttíms konur*, einkum kaflann „Þekking er vald: Kvennaskólar, menntun, hugmyndafræði“, bls. 121–255.

⁷⁴ Louis Jacques Mandé Daguerre, „Daguerrotype“, *Classic Essays on Photography*, Alan Trachtenberg ritstjóri, New Haven Conn.: Leet's Island Books, 1980, bls. 11–13, hér bls. 12–13. Skáletrunin er mín. Þýðing á þessum texta birtist fyrst í Sigrún Alba Sigurdardóttir, *Afturgöngur og afskipti af samleikanum*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2009, bls. 19–20.

⁷⁵ Sjá til dæmis Nicole Hudgins, *The Gender of Photography*, New York: Routledge, 2020 og Lena Johannesson og Gunilla Knape ritstjórar, *Women Photographers – European Experience*.

tugum 19. aldar.⁷⁶ Því má ekki gleyma að Kaupmannahöfn var höfuðborg Íslands á þessum tíma og sá staður sem ungt fólk frá Íslandi sótti helst til í leit að menntun og ævintýrum utan landsteinanna. Á seinni hluta 19. aldar höfðu flestir ljósmyndarar á Íslandi einhver tengsl við Kaupmannahöfn og langflestir þeirra höfðu verið þar í námi.⁷⁷ Þetta á bæði við um þá karla og þær konur sem störfuðu sem ljósmyndarar hér á landi.

Ljósmyndun gaf konum á Íslandi tækifæri til að sameina þörf fyrir að nýta hæfileika sína og öðlast aukið fjárhagslegt sjálfstæði án þess að stíga of langt út fyrir ramma hins borgaralega og viðtekna.⁷⁸

Hugrökk og ævintýragjörn

Engel Jensen lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn árið 1895. Hún opnaði svo eigin stofu á Akureyri eftir heimkomuna árið 1897 og rak hana til ársins 1905 þegar hún flutti til Edinborgar.⁷⁹ Líf Engel og Önnu Schiöth fléttaðist saman á margvíslegan hátt. Engel var góð vinkona Önnu Maríu, yngstu dóttur Önnu og Henriks. Nokkrar myndir eru til af þeim saman og í gegnum þær má greina augljósa hlýju og vináttu.

Mynd 9. Engel Jensen og María Kristín Stephensen (1883–1907). María Kristín ólst upp hjá fósturfóreltrum á Akureyri og þótti ung mjög hæfileikaríkur píanóleikari. Þegar hún var sautján ára gömul fór hún til Edinborgar og lagði þar stund á teikningu og segir að hún hafi dvalið þar á einkaheimili. Áhugavert er að velta fyrir sér hvort að María Kristín hafi ef til vill búið hjá Jóhönnu Gottfredu, eldri systur Engel, sem bjó í Edinborg á þessum tíma en líklegt er að góð vinabönd hafi verið milli þessarar tveggja fjölskyldna eins og ljósmyndin ber merki um. Scinna átti María Kristín eftir að flytja til Danmerkur og lést aðeins 23 ára gömul á heilsuhæli í Vejle.⁸⁰ Þjóðminjasafn Íslands, Mms/2014-148-14.



⁷⁶ Sjá Mette Kia Krabbe Meyer, „Mary Steen – a self made woman“ og Mette Sandbye, „Julie Laurberg. Court Photographer and Women’s Liberation Activist“, *Striving for Independence. Women Pioneers in Early Nordic Photography, 1860-1920*, Sigríð Lien og Mette Sandbye ritstjórar, Berlin: De Gryter, 2025 (væntanleg).

⁷⁷ Sjá upplýsingar um menntun ljósmyndara á Íslandi sem finna má í bók Ingu Láru Baldvinsdóttur, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*.

⁷⁸ Sjá til dæmis umfjöllun í Æsa Sigurjónsdóttir, *Sigríður Zoëga ljósmyndari í Reykjavík*, bls. 11.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 100, 102 og 160.

⁸⁰ Helga Kress, „Tvær konur, einn draumur. Kristín Katrín Thoroddsen (1885-1959)

Því miður er ekki vitað mikið um líf Engel Jensen eftir að hún flutti frá Íslandi 28 ára gömul. Hvort það var ævintýraþráin, eða erfitt og einmanalegt hlutskipti einhleyprar konu á Íslandi, sem fékk hana til að loka stofunni og halda út í heim, er ekki vitað. Það sem þó er ljóst er að Engel var hugrökk og óhrædd við að fara ótroðnar slóðir. Af bæði ljósmyndum og bréfum að dæma var hún lífsglöð, bókelsk og nútímaleg ung kona sem elskaði ef til vill of mikið og líklega einnig of marga, örlítið glettin en líka stolt að sjá og hvíldi örugg í eigin skinni, í það minnsta þegar hún var umvafin þeim sem hún treysti og gat stólað á.

Sextán ára gömul var Engel Jensen trúlofuð ungum stúdent, Vilhjálmi Jónssyni, sem var sjö árum eldri en hún. Af bréfum sem varðveitt eru í bréfasafni fjölskyldu Vilhjálms má sjá að Engel þótti bæði efnileg en einnig nokkuð sjálfstæð í hugsun miðað við unglingsstúlku.⁸¹ Vorið 1893 skrifaði Vilhjálmur í bréfi til föður síns:

Hún heitir Engel og ber nafn með rentu, dóttir Jensens og systur amtmannsins. Hún kann öll ósköpin af kvæðum utanað bæði útlend og innlend og er ljómandi skynsöm stúlka, sem þykir vænna um mig en allt annað. Við erum fjarska lukkuleg og vonum að við verðum það æfinlega. Jeg er viss um að þjer litist vel á hana fyrir tengdadóttur, ef þú sæir hana. Hún er há og grannvaxin, hefur dökk augu og dökkt hár. Mynd færðu af okkur þegar Schöth fer að taka þær.

Við settum upp hringi á sunnudaginn er var og allir eru glaðir yfir okkur hjer, sem hlut eiga að máli. Konsúllinn drakk skál okkar í champagne, er við komum þangað og á sumardaginn fyrsta á að verða stórt boð hjá Chr. Havstenn [amtmanni] og býst jeg við að eithvað freyði þar fyrir okkur, þó að mörgum sinnum hafi skál okkar verið drukkin þar í almennu víni. Annars er mjer sama um allt vín og allar skálar, úr því að jeg á Engel núna. Margopt sit jeg þar út frá hjá henni í litla húsinu nyrst á Eyri og er það mínar ánægjulegustu tímar. En þú skalt ekki halda að þetta kippi mjer frá lestri, heldur þvert á móti. Nú er um að gjöra að verða sem fyrst klár og verða eithvað.

Engel Jensen heitir hún altsvo og þú skalt vita að hún er eins íslensk í anda og jeg. Móður hennar þykir mjög vænt um okkur og eins systur Engel, sem er gipt Chr. Havsteen. [...] Trúlofunarskart brúkum við ekki.⁸²

og María Kristín Stephensen (1883-1907)“, *Kristín K. Þórðardóttir Thorodssen. Málverk og ljósmyndir*, Þóra Sigurðardóttir ritstjóri, Akureyri: Listasafnið á Akureyri, 2020, bls. 9–16.

⁸¹ Sjá Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, bls. 311–347.

⁸² Landsbókasafn Íslands: *ÍB 102 fol.a.: Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgirðingsr, 13. apríl*

Engel ólst upp hjá móður sinni Nielsínu Sophiu Jensen og bjó með henni á Oddeyri. Faðir hennar, hinn danski verslunarstjóri, Jacob Christian Jensen, hafði flust til Akureyrar árið 1861 en lést árið 1878, þegar Engel var aðeins eins árs gömul.⁸³ Nielsína Sophia var fædd á Ísland, en var af dönskum ættum. Faðir hennar var Jóhann Godfred Havsteen kaupmaður sem sömuleiðis var fæddur á Íslandi en átti danska foreldra.⁸⁴ Nielsína virðist hafa séð fyrir sér að einhverju leyti sem bakari, og hefur mögulega selt brauð í fleiri en eitt bakarí í bænum, hugsanlega einnig í bakarí Henriks Schiöths, Höephnerbakarí.⁸⁵ Í manntali frá árinu 1880 er staða Nielsínu skilgreind svo: „húsmóðir, bakar brauð.“⁸⁶ Á heimilinu á Oddeyri bjuggu auk Nielsínu, Engel sem þá var þriggja ára, Anna Marija 8 ára systir hennar og Jacoba Christiana Jensen eins árs, ásamt 19 ára vinnukonu.⁸⁷ Tvær eldri systur Engel fóru hins vegar í föstur, Sophia til ömmu sinnar og afa og Johanna Gottfreda til Jacobs móðurbróður síns.⁸⁸ Jacob Valdemar Havsteen var kaupmaður og konsúll og bjó á Oddeyri. Annar móðurbróðir Engel var Júlíus Havsteen þingmaður og amtmaður á Akureyri. Engel var því

1893. Sjá einnig, Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*, bls. 321.

⁸³ *Fréttir frá Íslandi*, 1. janúar 1878, bls. 35 og „Saga leiklistar á Akureyri í 132 ár. Framtak danskra kaupmanna markaði upphafið“, *Dagur*, 24. janúar 1992, bls. 4. Sjá einnig, Klemens Jónsson, *Saga Akureyrar*, bls. 70.

⁸⁴ Júlíus Havsteen alþingismaður og amtmaður var bróðir Nielsínu en um fjölskyldu þeirra má lesa í Alþingismannatali, sótt á vef Alþingis 1. júní 2023: <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=361>. Þá er að finna grein um annan bróður Nielsínu, Jacob Valdemar Havsteen kaupmann og konsúl í *Óðni* árið 1908 þar sem ættir hans eru raktar. Sjá, „Etazráð J.V. Havsteen“, *Óðinn*, 1. október 1908, bls. 49–50. Sjá einnig, „Þeir létu ekki deigan síga“. Sviðmyndir af forystumönnum í síldarútvegi fyrr á árum“, *Dagur*, 11. desember 1992, bls. 10–11.

⁸⁵ Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Akureyrarbæjar er talið að Nielsína hafi þó einkum selt brauð í bakarí Gránufélagsins. Sjá „Eiðsvöllur“, *Akureyrarbær*, sótt 31. júlí 2023 af <https://www.visitakureyri.is/is/moya/page/eidsvollur>. Þess má geta að Anna María, systir Engel, giftist síðar Chr. Havsteen kaupstjóra Gránufélagsins. Sjá minningargrein í *Morgunblaðinu* 7. júní 1931, bls. 2.

⁸⁶ „Manntal á Íslandi 1880“, *Þjóðskjalasafn Íslands*, sótt 28. júní 2023 af <http://www.manntal.is/leit/Engel/1880/1/1880/68805,68803>.

⁸⁷ Inga Lára Baldvinsdóttir segir í bók sinni um ljósmyndara á Íslandi að Engel hafi alist upp hjá J.V. Havsteen móðurbróður sínum en af fjölskyldubréfum Vilhjálmis að dæma bjó Engel að mestu frá móður sinni á unglingsárunum. Sjá Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi*, bls. 160 og Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín*, bls. 321–323.

⁸⁸ „Manntal á Íslandi 1880“, *Þjóðskjalasafn Íslands*, sótt 2. júní 2023 af <http://www.manntal.is/leit/Sophia/1880/4/1880/68634> og <http://manntal.is/leit/Jacob/1880/2/1880/68781/6895>.

þrátt fyrir föðurleysið hluti af yfirstéttni á Akureyri og með sterkt fjárhagslegt bakland. Þó vann móðir Engel fyrir sér alla tíð, en auk brauðsölnunar bruggaði hún lagerbjór og seldi bæjarbúum. Í *Sögu Akureyrar* segir að hún hafi notið aðstoð dætra sinna við þessi störf.⁸⁹

Nielsína virðist því hafa verið sjálfstæð og ákveðin kona og hefur ef til vill verið dóttur sinni Engel ákveðið fordæmi þegar sú síðarnefnda ákvað að hefja eigin rekstur með ljósmyndastofu. Eins og áður sagði voru tengsl fjölskyldunnar við Danmörku sterk og má ætla að danskra menningaráhrifa hafi gætt í þessari samheldnu fjölskyldu fyrir norðan. Þó má einnig gera ráð fyrir að daglegt líf við norðlenskan fjörð, þátttaka í íslenskum stjórnámálum og menningarlífi, hafi ekki síður mótað líf fjölskyldunnar og sjálfsmynd. Eins og sést af bréfi Vilhjálms Jónssonar sem vísað er í hér að framan sver hann af sér sterk tengsl Engel við Danmörku, „hún er eins íslensk í andi og jeg“ skrifar hann í apríl 1893 og verður að skoða þessi ummæli í ljósi baráttu íslensku þjóðarinnar fyrir auknu sjálfræði og sterkari sjálfsmynd.⁹⁰

En það var ekki aðeins þjóðin sem háði sína sjálfstæðisbaráttu á þessum tíma. Á Akureyri virðist ung stúlka hafa átt erfitt með að horfa fram á framtíð sem var fyrirfram skipulögð í samræmi við hefðir og hefðbundin hlutverk. Haustið 1894 fara að berast út sögusagnir um að Engel sé Vilhjálmi ekki trú og nokkrum mánuðum síðar slítur hún trúlofuninni.⁹¹ Guðrún Borgfjörð, systir Vilhjálms, skrifar þá Finni bróður þeirra sem búsettur var í Kaupmannahöfn og segir um Engel: „hún er vitlaus í hverjum nýum strák sem hún sjer, ónkel hennar Havsteen er fjarska reiður við hana. og Móðir hennar ætlaði að verða vitlaus af reiði, sem sagt öll famelian var í uppnámi, svo hún á víst ekki sjö dagana sæla“.⁹² Um sumarið er Engel send til Reykjavíkur þar sem hún dvelur hjá fjölskyldu Vilhjálms. Þá skrifar Guðrún: „Engel hefur verið hjer í sumar, hún er ekki slæm stúlka, en alin upp, í stjórnlausu eptirlæti, það er hennar stóri skaði en greindari stúlku hef jeg ekki þekt og vel þriffin og mindarleg. hvernig það fer er ekki gott að segja.“⁹³

⁸⁹ Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar*, bls. 280–282.

⁹⁰ Þess má geta að Finnur, eldri bróðir Vilhjálms, bjó öll sín fullorðinsár í Kaupmannahöfn og kvæntist danskri konu. Fjölskylda hans á Íslandi, einkum faðir hans, áttu þó í fyrstu erfitt með að setta sig við að hann skyldi ganga að eiga danska konu. Sjá Sigrún Alba Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á nítjándu öld“, *Einsagan – ólíkar leiðir*, Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon ritstjórar, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998, bls. 166–167 og Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín*, bls. 167–174.

⁹¹ Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín*, bls. 328, 333–334 og 337.

⁹² Sama heimild, bls. 337

⁹³ Sama heimild, bls. 340.

Ástarsaga þeirra Engels og Vilhjálms endaði ekki vel. Vilhjálmur virðist hafa leiðst út í óreglu um tíma og lauk ekki prófi frá Kaupmannahafnarháskóla eins og til stóð. Fjölskylda hans telur að orsakir þessar óhamingju séu ekki síst Engel að kenna.⁹⁴

Sumarið 1895 dvaldi Engel um tíma hjá fjölskyldu Vilhjálms í Reykjavík en svo virðist sem sú dvöl hafi aðeins varað stutt því að haustið 1895 var hún við nám í ljósmyndun í Kaupmannahöfn.⁹⁵ Næstu árin átti hún eftir að ferðast nokkrum sinnum milli Kaupmannahafnar og Akureyrar og í einhver skipti með viðkomu í Edinborg. Þann 22. júní 1896 segir til að mynda frá því í dagblaðinu *Austra* að Engel hafi farið með skipinu Thyru frá Akureyri til Seyðisfjarðar og þaðan til Skotlands.⁹⁶ Mögulega hefur hún þá farið að heimsækja systur sína Gottfredu Jensen McKinnan sem bjó í Edinborg. Hugsanlega hafði Engel aðeins stutta viðdvöl í Edinborg á leið til Kaupmannahafnar. Í það minnsta vitum við að utanlandsferðinni lauk ári síðar því hún var meðal farþega sem komu með skipinu Vestra til Akureyrar þann 15. júní 1897.⁹⁷

Inga Lára Baldvinsdóttir segir í bók sinni *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945* að Engel hafi ekki aðeins lært ljósmyndun í Kaupmannahöfn árið 1895 heldur hafi hún einnig lært þar nudd.⁹⁸ Þess má geta að árið 1884 opnaði rithöfundurinn og þýðandinn Erna Juel-Hansen leikfímimiðstöð fyrir konur í miðborg Kaupmannahafnar og var þar einnig boðið upp á nudd.⁹⁹ Ekki er ólíklegt að Engel Jensen hafi lagt leið sína í leikfímimiðstöðina við Købmagergade og mögulega lært handbragðið af Ernu Juel-Hansen og samstarfskonum hennar. Erna var mjög rótæk á mælikvarða síns tíma, skrifaði um kynhvöt kvenna og barðist fyrir pólitískum réttindum þeirra.¹⁰⁰ Hugsanlega hefur hún haft áhrif á hina ungu Engel sem komin var til stórborgarinnar í leit að nýju lífi og nýrri framtíð eftir skilnaðinn við Vilhjálmm.

⁹⁴ Sama heimild, bls. 28–29 og 333–334.

⁹⁵ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, bls. 160.

⁹⁶ *Austri*, 22. júní 1896.

⁹⁷ *Ísland* 12. júní 1897.

⁹⁸ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, bls. 160.

⁹⁹ Sara Alfort, *Damer der var for meget*, Kaupmannahöfn: Gads Forlag, 2022, bls. 29 og 46–47.

¹⁰⁰ Sama heimild, bls. 46–47, 88–90 og 167–168.



Mynd 10. Engel Jensen. Ljósmynd efir Peter L. Petersen (síðar Peter Elfelt). Á bak ljósmyndarinnar hefur verið rituð dagsetningin 9/3 97. Þjóðminjasafn Íslands, Mms-31349.

Framsækin ung kona

Ljósmyndun lærði Engel Jensen hjá hinum virta ljósmyndara Peter Elfelt. Peter, sem þá hét Peter Lars Petersen, rak ljósmyndastúdíó við Købmagergade 64 í Kaupmannahöfn (rétt hjá leikfímimíðstöð Ernú Juhl-Hansen) og var mjög virtur og vinsæll ljósmyndari. Árið 1897, sama ár og Engel flutti til Íslands á ný, tók Peter upp listamannanafnið Peter Elfelt, og var sömuleiðis útnefndur Konunglegur hirðljósmyndari Kristjáns IX konungs og fjölskyldu hans.

Metnaður og áhugi Peter Elfelts snérist hins vegar ekki eingöngu um ljósmyndun. Árið 1896 hafði hann farið til Parísar og keypt þar kvikmyndatökuvél. Árið 1897 tók hann upp hreyfimynd í fyrsta skipti. Um var að ræða mínútu langa upptöku sem bar heitið *Kørsel med Grønlandske hunde* og er hún talin vera fyrsta kvikmyndaupptakan sem gerð var í Danmörku.¹⁰¹ Elfelt gerði á ferli sínum um 200 ör- eða stuttmyndir og eina kvikmynd. Kvikmyndin, sem nefnist *Hennertelsen* eða *Aftakan*, er frá árinu 1903 og er jafnframt fyrsta kvikmyndin sem gerð var í Danmörku.¹⁰²

Það er því ljóst að Engel var í góðum félagsskap þau ár sem hún stundaði nám í ljósmyndun hjá Peter L. Petersen og ekki kæmi á óvart ef hún hefði verið fastagestur í klúbbum, leikhúsum og veislum fræga fólksins á þeim tíma, eða hafi í það minnsta verið á boðslistanum í einhver skipti. Mögulega sótti hún einnig salón með Ernú Juhl-Hansen og öðrum framsæknum konum. Um það er þó lítið vitað en ljósmyndin sem Peter tók af henni í mars 1897 bendir til þess að hún hafi verið með puttann á tiskupúlsinum (mynd 10) eða í það minnsta fylgst með stefnum og straumum í menningarlífi borgarinnar. Hugsanlegt er að Engel hafi klætt sig upp sem persóna í leikriti fyrir myndatökuna og ekki er útilokað að hún hafi tekið þátt í starfsemi áhugaleikhóps í Kaupmannahöfn á þessum tíma ef haft er í huga það leikhúsumhverfi sem hún ólst upp í og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Þá má einnig vera að Engel hafi heimsótt Julie Laurberg á ljósmyndastofu hennar á efstu hæð í tiskuhúsinu Magasin du Nord við Kongens Nytorv og rekist á ljósmyndarann Mary Steen í veislum eða salónum, og mögulegt er að Anna Schiöth hafi þá borist í tal, dönsk kona sem starfaði sem ljósmyndari á Íslandi. Um þetta er ekki vitað með vissu en líklegt má þó teljast að Engel hafi á einhverjum tímapunkti rekist á þær Julie og Mary og ekki er ólíklegt

¹⁰¹ Þrátt fyrir heiti myndarinnar var hún tekin upp í Kaupmannahöfn, sótt á vefinn *Stumfilm* 7. júní 2023, <https://www.stumfilm.dk/stumfilm/streaming/film/korsel-med-gronlandske-hunde>.

¹⁰² *Kongelig hoffotograf Peter Elfelt*, Kaupmannahöfn: Det kongelige bibliotek, 1989 og Lennart Weber, *Fra Hillerød til Hoffet*, Hillerød: Lennart Weber, 2021. Sjá einnig, „Peter Elfelt“, *Wikipedia*, sótt 28. júní 2023 á https://da.wikipedia.org/wiki/Peter_Elfelt.

að þær hafi verið henni mikilvægar fyrirmyndir.¹⁰³ Báðar voru þær mjög virkar í kvenréttindabaráttunni þó að þær hafi ekki látið til sín taka að ráði í þeim efnum fyrir en undir aldamótin og í byrjun nýrrar aldar. Þá var Engel farin aftur til Íslands og ekki er vitað til þess að hún hafi þar verið virk í kvenréttindabaráttu.

Þess má geta að auk þeirra Julie og Mary starfaði fjöldi kvenna við ljósmyndun í Kaupmannahöfn undir lok 19. aldar. Samkvæmt danskri þjóðskrá voru 118 konur skráðar atvinnuljósmyndarar í Kaupmannahöfn árið 1901, og voru þær nákvæmlega jafn margar og þeir karlar sem störfuðu í faginu.¹⁰⁴ Þess má einnig geta að ólíkt því sem var á Íslandi fengu giftar konur í Danmörku rétt til að reka eigin fyrirtæki og fara með eigin fjármál árið 1880.¹⁰⁵ Þennan rétt öðluðust giftar konur á Íslandi ekki fyrir en árið 1900.¹⁰⁶ Hlutskipti kvenna í stórborginni Kaupmannahöfn var annars eðlis en á Íslandi og þær höfðu töluvert meira svigrúm til að taka þátt í atvinnulífinu og í pólitísku starfi.

Það hefur varla verið auðvelt hlutskipti að vera einhleyp ung kona á Íslandi. Krafa samfélagsins til ungra kvenna af borgarastétt var skýr, hlutverk þeirra var að giftast og eignast fjölskyldu. Rannsóknir hafa sýnt að fæstar þær konur sem voru ógiftar höfðu tekið meðvitaða ákvörðun um að hafna hjónabandinu og hefðbundnu hlutverki sem eiginkona og móðir. Margar þeirra fórnðu sér þó fyrir fjölskylduna, til að mynda með því að sjá um aldraða foreldra eða taka að sér börn látinnar systur. Hinar ógiftu konur á Íslandi voru því ekki eins frjálssar og ef til vill hefði mátt búast við. Raunar hefur því verið haldið fram að það hafi ekki verið raunhæfur valkostur að vera ógift sjálfstæð kona á Íslandi undir lok 19. aldar.¹⁰⁷

¹⁰³ Mette Kia Krabbe Meyer, „Mary Steen – a self made woman“ og Mette Sandbye, „Julie Laurberg. Court Photographer and Women’s Liberation Activist“. Sjá einnig, Hanne Schaumburg Sørensen, *I skyggen*, bls. 61 og bls. 73.

¹⁰⁴ Mette Sandbye, „Julie Laurberg. Court Photographer and Women’s Liberation Activist“.

¹⁰⁵ Sama heimild. *Danmark statistik*, sótt 14. september 2023 á <https://www.dst.dk/da/Statistik/nyheder-analyser-publ/bagtal/2012/2012-03-05-milepaele-kvinder>.

¹⁰⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, bls. 263.

¹⁰⁷ Sama heimild, bls. 331–332. Sjá jafnframt Sigríður K. Þorgrímsdóttir, „„Mitt hjarta svarar ekki.“ Af ástum og ástleysi um aldamótin 1900“, *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, Anna Agnarsdóttir o.fl. ritstjórar, Reykjavík: Kvinnasögusafn Íslands, 2001, bls. 456–465. Á þessu voru þó undantekningar eins og til að mynda má lesa um í grein Írisar Ellenberger um Ingibjörgu H. Bjarnason, „Ég er alveg í öðrum heimi. Kvinnaskólinn í Reykjavík, kvannahreyfingin og hinsegin ástir meðal kennslukvenna um aldamótinn 1900“, bls. 103–130. Sjá enn fremur grein Írisar Ellenberger, Hafðísar Erlu Hafsteinsdóttur og Ástu Kristínar Benediksdóttur, „Meira en þúsund orð. Ljósmyndun og rómantísk vinátta við upphaf tuttugustu aldar“, en í þeirri grein er fjallað um ljós-

Inn í þetta umhverfi snéri Engel til baka frá Kaupmannahöfn árið 1897 og kom til Akureyrar með allan nauðsynlegan búnað til að hefja rekstur ljósmyndastofu. Búnaðinn hafði hún keypt af Peter Elfelt og í bókhaldsbókum hans, sem varðveittar eru á Konunglegu bókhöðinni í Kaupmannahöfn, má sjá að sá búnaður innihélt „ljósmyndavél, linsu, statíf og lokara fyrir vélna, bekk, gyllt borð og gylltan stól, bakgrunn og upphengibúnað fyrir hann, lýsingarskerma, hnakkajárn, tvo barnapúða og annan ódýrari bakgrunn og kostaði allt þetta 363 krónur.“¹⁰⁸ Nokkrum vikum síðar keypti hún auk þess allan nauðsynlegan búnað fyrir myrkraberbergi og fyrir „retúseringu“ eða eftirvinnslu á lokagerð myndarinnar. Á þessum lista var meðal annars postulínsskál, skurðhnífur, lampi fyrir myrkraberbergi, demantur sem kostaði 5 krónur, gljáfergivél, pappír, karton og ýmis efni sem nota þurftu við vinnu bæði í myrkraberberginu og við retúseringu. Fyrir þessi kaup borgaði Engel 359 krónur en allt í allt keypti hún vörur af Elfelt fyrir 803 krónur og voru síðustu kaupin í þessum kafla, sem snéri að stofnkostnaði, skráð í september árið 1897. Reiknast Ingu Láru Baldvinsdóttur svo til að hver myndataka hafi kostað viðskiptavini Engel um 1,55 krónur.¹⁰⁹ Því hefur hún þurft að taka myndir fyrir viðskiptavini í um 518 skipti til þess að standa undir kostnaði við reksturinn. Það verður þó að teljast líklegt að Engel hafi notið nokkurs stuðnings frá fjölskyldu sinni við rekstur stofunnar.

Sumarið 1898 og aftur 1899 keypti Engel fleiri vörur af Peter Elfelt, meðal annars bakgrunn fyrir stúdíómyndatöku, efnablöndur og annað efni sem nauðsynlegt var fyrir daglegan rekstur stofunnar. Fyrir þessar vörur borgaði hún samtals 190 krónur. Í bókhaldsbókum Elfelts sést að Engel greiddi fyrir vörurnar um leið og þær voru afhentar. Ekki er ólíklegt að hún hafi farið til Kaupmannahafnar sumarið 1898 til að kaupa vörurnar, en í bókhaldsbókunum kemur fram að þær voru keyptar í júní og ágúst, og hafi um leið notað tækifærið til að heim-sækja vini og kunningja, og jafnvel föðurfjölskyldu sína, í höfuðborginni. Árið 1899 sendi Elfelt hins vegar Engel rukkun fyrir sendingarkostnaði, og líklegt er því að hún hafi þá látið senda eftir varningnum en ekki farið sjálf til Kaupmannahafnar. Meðal þess sem Elfelt sendi frá Danmörku til Íslands var gull fyrir gyllingar, bómull, pappír og ýmsir smáhlutir.

mynd Jóhönnu Sigbrúðar Pétursdóttur af Steinunni Thorsteinsson og Sigbrúði Brynjólfsdóttur sem báðar voru nemar í ljósmyndun á Ljósmyndastofu Péturs Brynjólfssonar og störfuðu þar á árunum 1906–1915.

¹⁰⁸ Det kongelige Bibliotek, *Elfelt, Forskellige regnskabsbøger 1897-1900. Laboratorieregnskaber*. Sjá einnig, Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi*, bls. 46–47.

¹⁰⁹ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi*, bls. 47.



Mynd 11. Ljósmynd af Engel og Sophiu Thorarensen, systurdóttur hennar. Myndin er merkt Engel Jensen og því væntanlega tekin á ljósmyndastofu hennar á Oddeyni. Þjóðminjasafn Íslands, Mms-9269.

Engel opnaði ljósmyndastofu á Oddeyrri árið 1897 og rak hana til ársins 1905. Eftir að hún lokaði stofunni og hætti rekstri fluttist hún til Edinborgar og starfaði þar sem nuddari. Engel lést 86 ára gömul í Edinborg árið 1963.¹¹⁰

Ekki er vitað mikið um líf Engel í Edinborg og óljóst hvort hún hélt áfram að taka myndir eftir að hún fluttist þangað. Því miður hefur plötu- og filmusafn hennar að mestu glatast en eitthvað af ljósmyndum og eftirprentum hafa varðveist og er að finna á Þjóðminjasafni Íslands og á Minjasafninu á Akureyri. Þær ljósmyndir sem hafa varðveist eru nokkuð hefðbundnar, í flestum tilvikum er um að ræða mannmyndir sem teknar voru á ljósmyndastofu hennar en einnig má finna einstaka myndir sem teknar voru utan dyra af húsum og íbúum þeirra. Þá hafa varðveist nokkrar myndir af Engel sjálfri sem teknar voru á ljósmyndastofu hennar en ekki kemur fram hver ljósmyndarinn er eða hver hafi aðstoðað við tókurnar. Það vekur athygli hversu afslöppuð Engel er fyrir framan myndavélina, eins og má til dæmis sjá á mynd af henni og systurdóttur hennar Sophíu Thorarensen (mynd 11).

Engel virðist hafa haft ánægju af því að mynda börn og hefur haft gott lag á því að fá þau til að slappa vel af fyrir framan myndavélina (sjá mynd 9, 11 og 12).

Engel auglýsti sérstaklega að hún tæki að sér að taka myndir af börnum. Sumarið 1897 mátti til að mynda lesa eftirfarandi auglýsingu í blaðinu *Stefni*: „Ljósmyndir tekur Engel Jensen á Oddeyrri í sumar á virkum dögum kl. 9-5. Augnabliksmyndir af börnum eru teknar.“¹¹¹

Mynd 12. Þjóðminjasafn Íslands, stimplasafn, ljósmyndin er tekin á ljósmyndastofu Engel Jensen.



¹¹⁰ Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndavarir á Íslandi 1845-1945*, bls. 160. Í tölvupósti frá Ingu Láru til mín þann 30. október 2022 segir Inga Lára frá því að hún hafi fengið þessar upplýsingar árið 1980 frá Önnu Klemensdóttur, sem var barnabarn Önnu Schiöth og dóttir Önnu Maríu Schiöth. Þetta sé einnig staðfest í dánarvottorði Engel Jensen.

¹¹¹ *Stefni*, 11. tbl., 20. júlí 1897, bls. 44.

Engel virðist hafa verið mun áhugasamari um barnamyndatökur en Anna Schiöth, sem vorið 1893 hafði birt eftirfarandi auglýsingu í sama blaði: „Ljósmyndir tek jeg á hverjum virkum degi í sumar til 15. september. Myndir af börnum yngri en 5 ára verða ekki teknar nema í júní og júlí, frá klukkan 12 til 2.“¹¹² Anna virðist þannig aðeins hafa treyst sér til að taka myndir þegar birtan var sem mest en það auðveldaði myndatökuna. Hún notaði oft og tíðum hnakkajárn þegar hún tók myndir af börnum en slíkt var algengt á þessum tíma. Hnakkajárn voru notuð til stuðnings höfðinu og hjálpuðu fyrrsætunni að vera kyrr þann stutta tíma sem verið var að taka myndina en sá tími tók meðal annars mið af gæðum birtunnar og tæknibúnaðinum.¹¹³ Þrátt fyrir að Engel hafi einnig átt hnakkajárn virðist hún sjaldan hafa notað þau við barnamyndatökur.¹¹⁴ Auðvitað kann að hafa spilað inn í að auglýsing Engel er birt fjórum árum eftir að Anna birti sína og ekki er ólíklegt að Engel hafi búið yfir betri tækjabúnaði sem gerði barnamyndatökur auðveldari.


Áhugavert er að sjá hvernig ljósmyndir og líf Engel Jensen og Önnu Schiöth hafa skarast. Í mannamyndasafni Þjóðminjasafnsins má til að mynda finna fallega mynd sem Anna tók af Engel þegar sú síðarnefnda var unglingsstúlka, ef til vill 14 eða 15 ára gömul. Þarna sjáum við Engel brosa glettin og sjálfsörugg framan í ljósmyndarann.

Þá hafa nokkrar myndir af Engel og Önnu Maríu, yngstu dóttur þeirra Önnu og Henriks Schiöth, varðveist og eru flestar þeirra teknar á ljósmyndastofu Schiöth-hjónanna. Á einni þeirra (mynd 15) stílla vinkonurnar sér upp ásamt fimm öðrum stúlkum. Hér er væntanlega um góðan vinahóp að ræða. Stúlkurnar eru allar spariklæddar og vekur athygli að fimm þeirra eru á peysufötum en tvær skera sig úr hópnum og eru klæddar í „danskan fatnað“ samkvæmt nýjustu tísku. Það eru þær Engel, sem er fyrir miðri mynd, og Anna María sem situr á gólfinu í fremstu röð. Konan til vinstri í aftari röð er Lára Ólafsdóttir ljósmyndari. Lára bjó í Kaupmannahöfn á árunum 1894–1897 og ekki er ólíklegt að Engel og Lára hafi notið félagsskapar hvor annarrar þann tíma sem þær voru samtíða í höfuðborginni, jafnvel þó að Lára hafi verið tíu árum eldri en Engel.

¹¹² *Stefnir*, 10. tbl., 18. maí 1893, bls. 39.

¹¹³ Sjá meðal annars Michel Frizot, „Speed of Photography. Movement and duration“, *A New History of Photography*, Michel Frizot ritstjóri, Köln: Könemann, 1998, bls. 243–257.

¹¹⁴ Þetta benti Hörður Geirsson, safnvörður ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri, mér á í samtali 11. ágúst 2022 en Hörður hefur rýnt í myndir þeirra Önnu og Engel, meðal annars með tilliti til þessa. Þess má einnig geta að árið 2010 var Hörður sýningarstjóri sýningarinnar „Fjár sjóður - tuttugu ljósmyndarar frá Eyjafirði 1858-1965“ sem sett var upp í Minjasafninu á Akureyri. Á sýningunni voru ljósmyndir eftir 20 ljósmyndara, þar á meðal Önnu Schiöth, sjá „Fjár sjóður á Minjasafninu“, Akureyrarbær, sótt 2. ágúst 2023 á <https://www.akureyri.is/is/frettir/fjarsjodur-a-minjasafninu>.



Mynd 13 og 14: Ljósmynd af Engel Jensen sem tekin er á ljósmyndastofu Önnu og Henrik Schiöth. Myndin til hægri sýnir bakhlið myndarinnar. Þjóðminjasafn Íslands, Mms. 31335.



Mynd 15. Þjóðminjasafn Íslands, Mms-33317.

Önnur, og ekki síður áhugaverð mynd, hefur varðveist í nokkrum eintökum og er til bæði á Þjóðminjasafninu og á Minjasafninu á Akureyri (myndir 16 og 17). Á þeirri mynd hafa fjórar stúlkur stillt sér upp í upphlut við dúkað borð, ein þeirra lyftir silfurkönnu og önnur hefur tekið sér þrjóna í hönd og horfir glettin í myndavélina. Er hér mögulega um sviðsetningu á fyrirmyndarstúlkunni að ræða með örlítið kímnum undirtóni, sem undirstrikaður er með litunum sem bætt hefur verið á myndina til hægri? Stúlkann með þrjónanna er Engel Jensen og stúlkann lengst til hægri en Olga Schiöth. Mögulegt er að Anna María Jensen, systir Engel, sé einnig á myndinni, en aftan á myndina hefur verið skrifað Jensen systur og dagsetningin 17.3.93 og svo nöfn þeirra Olgu og Engel.



Myndir 16 og 17: Anna Schiöth. Þjóðminjasafn Íslands, Mms-3322 og Mms-40765.

Eins og sést af þeim ljósmyndum sem varðveist hafa úr safni Önnu Schiöth má ljóst vera að samgangur var á milli Schiöth-fjölskyldunnar og Jensen-systranna. Þá er vitað að Schiöth-hjónin og faðir Engel, Jacob Christian Jensen, tóku öll virkan þátt í starfi leikfélagsins á Akureyri á 8. áratug 19. aldar. Móðurafi Engel, J.V. Havsteen, stofnaði leikfélag á Akureyri árið 1875, var það nefnt upp á dönsku og kallað Comedie Selskabet en seinna nefnt Gleðileikjafélagið á íslensku. Voru danskir kaupmenn sérstaklega áberandi í starfi þess fyrstu árin, ekki síst Schiöth

hjónin, Jacob Christian Jensen og verslunarstjórinn Bernhard Steincke.¹¹⁵ Árið 1890 léku þær Anna María Jensen og Olga Schiöth saman í leikriti um Helga magra og verður að teljast líklegt að góð vinátta hafi verið milli Schiöth-fjölskyldunnar og Jensen-stúlkanna.

Ekki er ólíklegt að Anna Schiöth hafi bæði vakið áhuga Engel á ljósmyndun og hvatt hana til að mennta sig á því sviði – og mögulega hafa Schiöth-hjónin haft milligöngu um að Engel fór til náms hjá Peter Elfelt í Kaupmannahöfn. Það orðspor sem fór af Engel í ástarmálum virðist ekki hafa náð að spilla fyrir vináttunni við Schiöth-fjölskylduna. Árið 1908 giftist Anna María Schiöth Klemensi Jónssyni en hann var eldri bróðir Vilhjálms, fyrrum unnusta Engel. Anna María tók í kjölfarið upp nafnið Anna Jónsson. Klemens var sautján árum eldri en Anna María, ekill með tvær unglingsstúlkur og gegndi virðingar- og valdastöðu sem landritari og fyrrverandi bæjarfógeti á Akureyri.¹¹⁶ Þrátt fyrir að aldursmunurinn væri mikill var Anna María orðin 29 ára og komin vel á giftingaraldur. Þær vinkonurnar Anna og Engel hafa án efa þótt álitlegur kvenkostur á Akureyri um aldamótin 1900 en ef til vill hafa þær einnig þótt nokkuð ógnvekjandi, svona sjálfstæðar og heimsborgaralegar, og ekki fyrir hvern sem er að stíga í vænginn við þær. Úr safni Engelar Jensen hefur varðveist falleg mynd af þeim tveimur sem mögulega er tekin stuttu áður en Engel lokaði stofunni og sigldi til systur sinnar í Edinborg. Hversu spennandi væri að vita meira um líf hennar, vonir og væntingar?

¹¹⁵ „Saga leiklistar á Akureyri í 132 ár. Framtak danskra kaupmanna markaði upphafið“, *Dagur*, 24. janúar 1992 og Hulda Stefánsdóttir, „Danska fólkið á Akureyri“, *Morgunblaðið*, 29. ágúst 1962, bls. 10–11 og Ingimar Eydal, „Leikfélag Reykjavíkur“, *Leikhúsmál*, nr. 3, 1. nóvember 1940, bls. 2–6.

¹¹⁶ Vefur *Alþingis*, sótt 28. júní 2023 á <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaersl-unr=380>. Sjá einnig Sigrún Alba Sigurðardóttir, *Elskulega móðir mín*, bls. 23–25.



Mynd 18. Ljósmynd af vinkonunum Engel Jensen og Önnu M. Schiöth sem tekin er á ljósmyndastofu Engel á Oddeyri. Þjóðminjasafn Íslands, Mms. 33300-A.

Frumkvöðlar og fyrirmyndir

Í þessari grein hefur verið gerð grein fyrir starfi tveggja kvenna sem fetuðu óhefðbundnar slóðir í lífinu. Anna Schiöth flutti með eiginmanni sínum frá Danmörku til Íslands árið 1868, settist þar að og haslaði sér völl sem einn vinsælasti ljósmyndari landsins á sínum tíma. Engel Jensen var aftur á móti fædd á Akureyri árið 1877 og tilheyrði næstu kynslóð ljósmyndara á Íslandi. Líf þeirra tveggja fléttaðist saman með ýmsum hætti og eins og hér hefur verið haldið fram er líklegt að Anna hafi haft afgerandi áhrif á að Engel hóf nám í ljósmyndun aðeins 18 ára gömul. Það þurfti hugrekki og áræðni fyrir unga stúlku að hefja nám í framandi borg og fara síðan út í eigin rekstur í sínum gamla heimabæ sem hún hafði í vissum skilningi flúið tveimur árum fyrir eftir að hafa slitið trúlofun við töluvert eldri mann. Engel virðist á margan hátt hafa verið hugrökk, sjálfstæð og ófyrirsjáanleg en um leið skapandi og óhrædd við að feta ótroðnar slóðir, hvort sem var í lífinu eða í ljósmyndun sinni.

Mögulega voru þær Anna Schiöth og Engel Jensen ekki jafn merkir ljósmyndarar og þau Sigfús Eymundsson¹¹⁷ og Nicoline Weywadt, sem án efa eru þekktustu ljósmyndarar Íslands á 19. öld, en engu að síður má telja þær í hópi frumkvöðla í ljósmyndun hérlendis á þeim tíma, ekki síst Önnu sem hefur ekki aðeins sett mark sitt á söguna með stofuljósmyndum sínum heldur einnig áhrifamiklum ljósmyndum af Akureyrarbæ teknum utandyra og eftirminnilegum og óvenjulegum hópmyndum. Engel var ein af átta konum sem starfaði sem ljósmyndari á Íslandi á 19. öld og rak eigin ljósmyndastofu í átta ár. Hún var sú kona sem starfaði lengst í faginu á 19. öld að þeim Önnu Schiöth og Nicoline Weywadt undanskildum. Barnamyndatökur Engelar Jensen eru efrirtektaverðar og óvenju líflegar miðað við myndir frá þessum tíma. Óhætt er því að ætla að með starfi sínu hafi þær Anna og Engel, ásamt öðrum konum sem ráku ljósmyndastofur um skemmri tíma, rutt brautina fyrir þær konur sem lögðu ljósmyndun fyrir sig í byrjun 20. aldar, svo sem Sigríði Zoëga, Steinunni Thorsteinsson og Jóhönnu Pétursdóttur. Anna og Engel voru einnig lifandi dæmi um að konur af

¹¹⁷ Sigfús Eymundsson var ótvírætt einn fremsti ljósmyndari Íslendinga á 19. öld. Hann rak ljósmyndastofu í Reykjavík 1867–1909 og ferðaðist einnig mikið og tók myndir af landslagi, mannlífi, byggingum og skipum. Sjá meðal annars Inga Lára Baldvinsdóttir, Bryndís Sverrisdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Anna Lísá Rúnarsdóttir, Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Ívar Brynjólfsson, Steinar Örn Erluson, Anna Yates og Sigfús Eymundsson, *Sigfús Eymundsson myndasmíður. Frumkvöðull íslenskrar ljósmyndunar*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2013; Sigfús Eymundsson og Þór Magnússon, *Ljósmyndir Sigfúsar Eymundssonar*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1976 og Inga Lára Baldvinsdóttir, *Ljósmyndarar á Íslandi 1845-1945*, bls. 320–321.

borgarastétt gátu farið aðrar leiðir í lífinu en að helga sig heimili, eiginmanni og börnum og þess í stað hlúð að eigin starfsframa, þroskað sig í starfi og aflað tekna, hvort sem þær voru ógiftar eða giftar.

ÚTDRÁTTUR

Ljósmyndararnir Anna Schiöth (1846–1921) og Engel Jensen (1877–1963) voru, ásamt Noline Weywadt, þær konur sem lengst störfuðu í faginu á Íslandi á 19. öld. Þrátt fyrir að konur hafi aðeins verið rúmlega 17% starfandi ljósmyndara á Íslandi á seinni hluta 19. aldar var ljósmyndun ein af fáum starfsgreinum þar sem konur gátu haslað sér völl og nutu viðurkenningar. Líf þeirra Önnu og Engel fléttadist saman með ýmsum hætti og í greininni eru leiddar líkur að því að Anna hafi haft afgerandi áhrif á að Engel lagði ljósmyndun fyrir sig. Á sinni tíð voru Anna og Engel áhugaverðir og viðurkenndir ljósmyndarar en á fræðilegum vettvangi hefur lítið verið fjallað um þátt kvenna í ljósmyndun á Íslandi fyrir aldamótin 1900.

Ljósmyndir Önnu Schiöth eru nokkuð þekktar og hafa birst í ýmsum yfirlitsritum og bókum en verk Engel Jensen eru minna þekkt. Í greininni er varpað ljósi á fjölbreytt viðfangsefni Önnu og Engel sem ljósmyndara og starf þeirra og lífshlaup skoðað í samhengi við bæði ljósmyndasögu og atvinnusögu kvenna af borgarastétt. Anna og Engel voru lífandi dæmi um að konur af borgarastétt gátu farið aðrar leiðir í lífinu en að helga sig heimili, eiginmanni og börnum, þær gátu líka hlúð að eigin starfsframa, þroskað sig í starfi og aflað tekna. Þannig ruddu Anna og Engel brautina fyrir þær sem á eftir komu í faginu og settu mark sitt á ljósmyndasögu Íslands.

Lykilord: ljósmyndasaga, kvennasaga, atvinnusaga, 19. öld, Anna Schiöth, Engel Jensen

ABSTRACT

Anna Schiöth and Engel Jensen

Progressive women and photographic pioneers in Iceland

The photographers Anna Schiöth (1846–1921) and Engel Jensen (1877–1963) were, together with Noline Weywadt, the women who worked the longest in the profession in Iceland in the 19th century. Although women made up just over 17% of working photographers in Iceland in the second half of the 19th century, photography was one of the few professions where women could gain ground and enjoy recognition. The lives of Anna and Engel were intertwined in various ways, and in the article it is argued

that Anna had a decisive influence on Engel's decision to become a photographer. In their time, Anna and Engel were intriguing and recognized photographers, but on the academic level, little has been written about the role of women in photography in Iceland before the turn of the 20th century. Anna Schiöth's photographs are quite well known and have appeared in various publications, whereas Engel Jensen's works are less well known. The article sheds light on Anna and Engel's diverse subject matters, and their work and life course is examined in the context of both photographic history and the professional history of middle-class women. Anna and Engel were living proof that women from the middle class could take other paths in life than devoting themselves to their homes, husbands, and children. They also had the possibility to pursue their own careers, develop in their profession and earn an income. In this way, Anna and Engel paved the way for other women within photography and made their mark in the history of Icelandic photography.

Keywords: history of photography, women's history, 19th Century, Anna Schiöth, Engel Jensen

SIGRÚN ALBA SIGURÐARDÓTTIR

Sjálfstætt starfandi fræðimaður og doktorsnemi
við Mála- og menningadeild Háskóla Íslands.

